9. TÖLUBLAÐ 39. ÁRGANGUR – FÖSTUDAGUR 15. JÚLÍ 2022

ÓKEYPIS EINTAK



VAR ENGINN „KAMPAVÍNS-KALLI“ BAKSÝNISSPEGILLINN 14

PAUL ADALSTEINSSON REYNDI AÐ KÚGA FÉ ÚT ÚR FRÆNDA BRETADROTTNINGAR



ÁTAKANLEG FRÁSÖGN STÚLKU AF BJARGI

SONJA INGVADÓTTIR BER SÉRA AUÐI EIRI ÞUNGUM SÖKUM

„ÉG ER BÚIN AÐ VERA HRÆDD SÍÐAN ÉG VAR Á BJARGI“

AUÐUR SVARAR FYRIR SIG



GARÐURINN HENNAR GRETU SALÓME GARÐRÆKT 34

SÖNGKONAN LÝSIR GRIÐASTAÐ FJÖLSKYLDUNNAR Í MOSFELLSBÆ - BREYTIR MOLDARFLAGI Í UNAÐSREIT

MANNLÍF

„ÆÐISLEGT AÐ HLAUPA ALLSBER“

Sveppi um fjölskylduna, lífið og hrekkina

Gekk hringinn í kringum landið

Simmi og Jói gleymdu að hringja

Langar að flytja til útlanda



Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Stofnað 1990

Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi

Sími · 567 9110 · utfarir@utfarir.is · www.utfarir.is



Frí ráðgjöf.
Frí kostnaðaráætlun.
Frí skutla til og frá flugvelli.
Tannviðgerð sársaukaFRÍ.
Frí ... já, frí á fjögurra stjörnu hóteli steinsnar frá miðborg Búdapest með öllum þeim dásemdum sem sú fallega borg hefur upp á að bjóða.
Heimsókn á Íslensku klíníkina í Búdapest er ferð til fjár og bættrar tannheilsu.

Í Búdapest er ein íslensk tannlæknastofa, Íslenska klíníkin.

Öll samskipti fara fram á íslensku og við ferjum gesti okkar til og frá velli auk þess sem við erum þeim innan handar með allt sem þarf til að nýta ferðina/fríið sem best. **Búdapest** er ekki bara falleg heldur einnig full af hinum allra bestu verslunum og veitingastöðum sem bjóða verð sem ekki sést annars staðar í Evrópu. Heimsókn í **Íslensku klíníkina** er ferð til fjár!

Þú getur kynnt þér klíníkina á síðu okkar **www.islenskaklinikin.is** eða slegið á þráðinn í síma **851 9800** ef þú hefur spurningar.























MANNLÍF
Fréttir / Hönnun / Lífsstíll / Menning / Ísland / Heimurinn

Útgáfufélag: Sólartún ehf. / **Ritstjóri og ábyrgðarmaður:** Reynir Traustason / **Frétta- og útgáfustjóri:** Kolbeinn Þorsteinsson
Markaðsstjóri: Valdís Rán Samúelsdóttir / **Sölustjóri:** Thelma Logadóttir /**Ljósmyndari:** Kazuma Takigawa
Blaðamenn: Björgvin Gunnarsson, Guðjón Guðjónsson, Gunnhildur Birgisdóttir, Harpa Mjöll Reynisdóttir, Katrín Guðjónsdóttir, Lára Garðarsdóttir, Salome Friðgeirsdóttir, Svava Jónsdóttir.



EFNISYFIRLIT

Í góðum málum / slæmum málum 4
Burt frá Bjargi — Saga Sonju 5
Viðtal — Auður Eir 12
Baksýnisspegillinn 14
Leiðarinn 18
Aðsend skoðun 18
Fjögur á förnum vegi 20
Fjölmiðlapistillinn 20
Orðrómur 20
Viðtalið 22
Helgarpistillinn 32
Lífsreynslusagan 33
Garðurinn hennar Grétu Salome 34
Stækkunarglerið 36
Síðast, en ekki síst 38

Í GÓÐUM MÁLUM



Í SLÆMUM MÁLUM



Umsjón: Björgvin Gunnarsson

Partíglaðir Íslendingar og aðrir landsmenn eru í svo góðum málum að sumum þykir nóg um. Hver bæjarhátíðin tekur við af annarri með tilheyrandi hverfaskreytingum, candíflossi, furðukeppnum, dansleikjum og almennri gleði. Það er sennilega leitun að landi þar sem bæjarhátíðir eru jafn margar, en séu þær gróflega taldar nær talan upp í um það bil 100, geri aðrir betur. Síðustu tvö árin hafa afar fáar hátíðir verið haldnar, út af svolitlu, þannig að það er ekki skrítið að partíþyrst fólk komi askvaðandi og skelli sér á Bíldudals grænar baunir á Bíldudal, Írska daga á Akranesi, Eistnaflug í Neskaupstað, Dýrafjarðardaga á Þingeyri eða Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum, svo aðeins örlítið brot af hátíðum sé nefnt. Og það er ekki aðeins gósentíð fyrir partíljónin, heldur einnig fyrir tónlistarfólk landsins sem loksins, loksins getur komið fram og skemmt landanum og þénað fyrir listina aftur, eftir alltof langt hlé. Svo er bara að vona að mottó Eistnaflugs verði í hávegum haft á öllum þessum hátíðum: Ekki vera fáviti!



Flugfarþegar Icelandair hafa verið í nokkuð slæmum málum undanfarið og þá sérstaklega innanlands og þá sér í lagi á Norður- og Austurlandi. Fjöldi flugferða hefur fallið niður í innanlandsfluginu og seinkun verið á enn fleiri, svo nemur nokkrum klukkustundum. Hlutfall ferða, sem ekki halda áætlun, það sem af er ári var á bilinu 21,7% til 27%, misjafnt eftir landshlutum. Þá hafa Neytendasamtökin gagnrýnt flugfélagið fyrir að gefa rangar upplýsingar um bótaskyldu félagsins og í einhverjum tilfellum jafnvel sagt ósatt. Icelandair hefur svarað þeirri gagnrýni og harmað rangar upplýsingar til viðskiptavina sinna. Þessa seinkun á ferðum Icelandair má meðal annars rekja til tæknilegra bilana og viðhaldsskoðana á vélum félagsins sem hafa tekið lengri tíma en búist var við. Icelandair hefur, er þetta er ritað, brugðist við þessum vandræðum með því að senda þotur til Akureyrar og Egilsstaða, þar sem vandamálið hefur verið hvað verst. Því má nú búast við að viðskiptavinir Icelandair geti brátt farið að anda léttar og fljúga á vit ævintýranna. Já eða bara til Reykjavíkur.



Samfélagið
Gunnhildur Birgisdóttir

Burt frá Bjargi – Saga Sonju



„Ég er dauðhrædd. Ég er búin að vera hrædd síðan ég var á Bjargi."
Þetta segir Sonja Ingvadóttir, en hún er ein þeirra stúlkna sem vistaðar voru á stúlknaheimilinu Bjargi á sjöunda áratugnum. Hún var send á Bjarg árið 1965, þegar hún var rúmlega 14 ára gömul, og var vistuð þar í tvö ár. Á Bjargi dvöldu 20 stúlkur á meðan heimilið var starfrækt.

Sonja var ein þeirra sem fengu í gegn að heimilinu var lokað á sínum tíma, árið 1967, vegna ofbeldis og illrar meðferðar sem hún segir þar hafa viðgengist, líkt og margar konur sem dvöldu þar hafa áður lýst. Hún kærði forsvarsmenn Bjargs, en hafði ekkert upp úr því - að lokum var ekki talin ástæða til opinberrar málshöfðunar. Þær konur sem störfuðu á heimilinu fóru úr landi og ekkert var aðhafst frekar í málinu. Bjarg var eitt þeirra vistheimila sem ríkið greiddi síðar sanngirnisbætur vegna og þótti sennilegt að stúlkurnar sem þar voru vistaðar hefðu þurft að þola óforsvaranlega meðferð þeirra sem þar stjórnuðu og störfuðu.

Séra Auður Eir Vilhjálmsdóttir, sem síðar varð fyrsta konan á Íslandi til þess að taka prestvígslu og varð hátt skrifuð í samfélaginu, vann á heimilinu allan starfstíma þess, en hefur ávallt neitað þeim ásökunum sem stúlkurnar sem dvöldu þar hafa sett fram.

Fjallað var um Bjarg í fjölmiðlum á sínum tíma eftir að upp komst um harðræðið þar, þegar heimilinu var lokað. Löngu síðar, þegar úttekt vistheimilanefndar kom til skjalanna, gerði DV yfirgripsmikla umfjöllun um Bjarg og önnur vistheimili þar sem börn voru sögð hafa sætt illri meðferð.

Þetta er í fyrsta sinn sem Sonja Ingvadóttir segir sögu sína opinberlega.

Sótt í lögreglubíl

Sonja bjó hjá móður sinni og stjúpföður áður en hún var send á Bjarg.

„Ég reifst við móður mína og stjúpi minn vildi ekki hafa mig, hann vildi losna við mig. Elsta dóttir konunnar sem fæddi mig var farin að heiman og ég var eftir. Hann var búinn að eignast tvö börn með móður minni.

Ég var fjórtán ára - sýndu mér þann fjórtán ára einstakling sem ekki rífst við foreldra sína eða er ósammála þeim. Þetta er svona þegar maður byrjar að fara inn í fullorðinsheiminn, með því að rífa sig frá foreldrum sínum - vera ósammála."

Sonja segist hafa verið í mat heima hjá vinkonu sinni þegar lögreglubíll kom þar að og henni var gert að fara með lögregluþjónunum. Leiðin lá á Upptökuheimilið í Kópavogi.

„Ég fæ ennþá martraðir - 57 árum síðar. Ég var keyrð á heimilið í Kópavogi og lokuð inni í tólf fermetra, grænu herbergi, með járnrúmi. Það var enginn gluggi - ég sá ekki sólina. Það voru tveir ljótir, stórir lögregluþjónar þarna og læknir sem átti að rannsaka mig." Sonja útskýrir að þarna hafi átt að skoða kynfærasvæði hennar.

„Ég neitaði því og þá spurði hún hvort hún ætti að láta löggurnar klæða mig úr. Það vildi ég ekki. Svo hún rannsakaði mig og sagði að þarna væri ekkert að sjá - enda hafði ég aldrei verið við karlmann kennd. Ég var lokuð þarna inni í eina viku." Hún segist á endanum hafa verið orðin svo illa haldin að hún fékk blóðnasir og féll í yfirlið.

„ÉG FÆ ENNÞÁ MARTRAÐIR - 57 ÁRUM SÍÐAR"

Sonja segir eina konu sem starfaði á Upptökuheimilinu hafa reynt að hjálpa henni. *„Hún leyfði mér að fara í bað og á baðherberginu var gluggi, sem ég reyndi að kíkja út um, til þess að sjá himininn."*

Sonja þarf að hætta frásögninni stutta stund.

„Ég er með innilokunarkennd eftir þetta. Ég get ekki verið í herbergi án glugga."

Send á Bjarg

Sonja segir konuna á Upptökuheimilinu, sem reyndi að hjálpa henni, hafa rætt við séra Auði Eiri Vilhjálmsdóttur, sem kom að opnun stúlknaheimilisins Bjargs, átti raunar frumkvæði að því, og vann þar á meðan heimilið var starfrækt. Séra Auður Eir var lögreglukona á þessum tíma. Konan hafi sagt Auði Eiri að ekki gengi að hafa Sonju á Upptökuheimilinu lengur, þar sem henni liði afar illa.

„Eftir það var ég send á Bjarg. Þetta var viku áður en heimilið var opnað. Þau héldu mér þar í viku án þess að segja frá því. Þegar þau sögðu mér að ég ætti að fara á Bjarg sagði Auður Eir mér að ég ætti ekkert að vera að hugsa um móður mína, því hún væri búin að segja að henni þætti ekkert vænt um mig lengur og væri farin til Spánar.

Svona er þegar verið er að heilaþvo börn. „Foreldrar þínir elska þig ekki lengur."

Ég man alveg að þegar hún var að segja þetta við mig stóð lögreglukona hjá og horfði forviða á hana.

Ég held að stjúpi minn, sem ég vil samt ekki kalla það - maðurinn sem giftist móður minni - hafi farið til Auðar Eirar og beðið um að þær tækju við mér. Því hann vildi fara til Spánar með fjölskyldu sína og losna við mig.“

Lífið á Bjargi og Hjálpræðisherinn

Á Bjargi störfuðu aðallega konur frá Hjálpræðishernum, sem voru gæslukonur á heimilinu. Sonja lýsir þeim meðal annars sem óheiðarlegum og grimmum.

„Þær voru líka langt frá því að vera gáfaðar. En þú ert heldur ekki sérlega smart ef þú heldur að þú komist til himna með því að ganga í einkennisbúningi og skrækja sálma úti á götum.“

Sonja segist sjálf ekki hafa verið beitt miklu líkamlegu ofbeldi, því hún hafi verið hlýðin. Hún hafi snemma séð hvað hún þurfti að gera til þess að lifa af. Auk þess hafi hún verið góður námsmaður, sem hafi hentað forsvarsmönnum Bjargs vel.

„Þær þorðu ekki að hreyfa mig, en ég sá hvernig þær fóru með Marion Gray. Ég sá þær draga hana á hárinu. Þær reyndu að stela barninu hennar. Þær eyðilögðu líf hennar líka. Við vorum allar eyðilagðar þarna. Ég held að það hafi bara verið ein sem kom vel út. En sú kynntist líka góðum manni, sem ég held að hafi hjálpað henni að byggja sig upp.

Gæslukonurnar voru konur sem áttu aldrei að vera nálægt börnum. Hjálpræðisherinn á ekki að vera nálægt börnum.“

„VIÐ VORUM ALLAR EYÐILAGÐAR ÞARNA“

Sonja segir að á Bjargi hafi stúlkurnar þurft að fara í messur hjá Hjálpræðishernum að minnsta kosti einu sinni í viku, á sunnudögum. *„Ég neitaði því og sagðist heldur vilja vera heima. Ég sagði: „Ég er búddisti og það er trúfrelsi á Íslandi.“*

„Þá sendum við þig í Kópavog,“ sagði forstöðukonan. Ég varð kristin eins og skot.“

Þarna vísar Sonja til Upptökuheimilisins í Kópavogi, heimilisins sem hún hóf vist sína á eftir að hún var sótt með lögreglubílnum; staðarins með gluggalausa herberginu. Þangað voru stúlkurnar reglulega sendar í einangrun.

Sonja lærði því fljótt að hún þyrfti að gera nákvæmlega það sem henni var sagt, svo hún yrði ekki send á þann hræðilega stað aftur.

„Ég sá þær beita hinar líkamlegu ofbeldi.
En ég var hlýðin - nema munnlega.
Ég tók þær með orðum.“

Anna Ona

Forstöðukonan á Bjargi var hin norska Anna Ona-Hansen og bæði Sonja og aðrar konur sem dvöldu á Bjargi hafa lýst ofbeldi og harðræði af hennar hálfu. Sumar þeirra hafa sagt frá kynferðisofbeldi.

„Á hverju kvöldi þurftum við að fara úr nærbuxunum. Við þurftum að vera naktar undir náttfötunum. Svo stóðu þær þarna með rauða fötu, sem við þurftum að setja nærbuxurnar okkar ofan í. Af því að við myndum ekki strjúka án nærfatnaðar, héldu þær,“ rifjar Sonja upp.

„Einu sinni hleyptu þær strákum upp á herbergin okkar - strákum frá Hjálpræðishernum. Þeir áttu að frelsa okkur; fimmtán, sextán ára gamlir strákar. Heldurðu að þeir séu ekki með hormóna þótt þeir séu í Hjálpræðishernum? Þeir fengu ekki leyfi til að snerta mig, guði sé lof. “

Sonja segir frá því að stúlkurnar hafi alltaf verið látnar sauma í um það bil klukkutíma áður en þær fóru að sofa á hverju kvöldi. *„Á meðan forstöðukonan las einhverja rómantíska kvasí-bók fyrir okkur. Svo eitt kvöld fórum við upp og vorum að flissa yfir sögunni. Við þvoðum okkur, burstuðum tennur, fórum úr nærbuxunum og settum í fötuna. Svo kom forstöðukonan upp og var búin að taka flétturnar úr hárinu. Hún opnaði dyrnar - það var dimmt inni í herberginu, en ljós á ganginum. Hún var í gulum nælonnáttkjól sem sást í gegnum. Hún kom inn, gekk til mín og ætlaði að kyssa mig á kinnina góða nótt. Svo rak hún tunguna upp í munninn á mér. Ég skrækti - og fékk mínus. Fyrsti kossinn minn var sem sagt frá forstöðukonunni Önnu Onu. Svo gerði hún þetta við hinar stelpurnar líka, flissaði síðan og hljóp út.“*

„SVO RAK HÚN TUNGUNA UPP Í MUNNINN Á MÉR“

Sonja segist þó halda að hún hafi þurft að þola minna líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi, vegna þess að litið hafi verið á hana sem gullgæsina; með sínar góðu einkunnir átti hún að fara áfram í menntaskóla og sýna hvers Bjarg var megnugt.

Átti að vera öðruvísi heimili

Sonja lýsir því að heimilið hafi upprunalega átt að vera heimili fyrir börn sem áttu í erfiðleikum heima fyrir, eins og hún sjálf og fleiri stúlkur á Bjargi. *„Það var ekkert að okkur og enginn vandræðagangur, heldur voru bara erfiðleikar á heimilinu. Vinkona mín þarna bjó til dæmis hjá ömmu sinni sem var drykkfelld.“* Hún segir ríkisstjórn Íslands hafa ætlað að stofna heimilið og fólk hafi sérstaklega verið sent til Kaupmannahafnar til að mennta sig í að vinna með börnum sem áttu í erfiðleikum heima fyrir.

„Þetta átti að vera opið, að maður gæti farið út í skólann ef maður vildi, skylduskólann, en ef við vildum það ekki yrðum við að vinna. Börnin ættu að fylgja reglum, koma inn á þeim tímum sem reglurnar segðu til um, segja hvar þau væru og ef þau vildu borða hjá vinkonum eða vinum þá þyrfti að láta vita. Svona eins og er venjulega á heimilum.

En svo heyrir Auður Eir af þessu og þau sjá að hægt sé að þéna pening á þessu. Hún átti frænda í ríkisstjórn - og hún fékk þetta. Hún skaffaði Hjálpræðishernum þetta heimili. Þannig að svona varð þetta.“

Sonja segir forstöðukonuna Önnu Onu hafa farið í blaðaviðtal um Bjarg á sínum tíma. *„Hún sagði að á Bjargi væru bara drykkfelldar stúlkur, þjófar eða hórur. Ég spurði þá: „Hver af þeim er ég?“ Þá var svarið: „Ó nei, engin, þú veist hvernig blaðamenn eru.“*

„HÚN SKAFFAÐI HJÁLPRÆÐISHERNUM ÞETTA HEIMILI“

Svo spurði Anna Ona mig hvort hún mætti fá hjá mér blaðið sem greinin var í. Ég sagði nei, að hún væri ekki lokuð inni og gæti farið og keypt það sjálf. Hvers vegna vildi hún fá mitt blað? Þá sagðist hún ætla að senda það til Noregs, því það væri svo sjaldan sem hún væri í blöðunum. Svo stal hún því frá mér.

Þær héldu alltaf að það myndi enginn trúa okkur. Það tryði enginn svona götubörnum. Þær væru kristnar og góðar.“

Sonja segir Bjarg hafa verið hannað að norskri fyrirmynd heimilis sem hét Bjerketun. Norska heimilið hafi þó verið stærra. Því hafi verið lokað, vegna ásakana um ofbeldi á heimilinu.

Marion Gray

Sonja man vel eftir áðurnefndri færeyskri stúlku að nafni Marion Gray, sem var með henni á Bjargi. Fjallað hefur verið ítarlega um mál hennar áður í íslenskum fjölmiðlum, til að mynda í úttekt DV, þar sem rætt var við frænku hennar. Saga Marion Gray er átakanleg og aðstandendur hennar segja hana aldrei hafa jafnað sig á þeirri meðferð sem hún hlaut á Bjargi.

„Hún var ófrísk þegar hún kom inn, en konurnar trúðu henni ekki. En maginn stækkaði, svo það varð ljóst að hún var ekki að ljúga. Þær voru alveg hræðilega vondar við hana. Hún fæddi strák, angastelpan. Hún var yndisleg sál.“

Sonja segir sumar gæslukvennanna á Bjargi hafa starfað hjá barnavernd í Noregi þegar þær voru þar. *„Þær ætluðu að stela stráknum hennar Marion.“*

Hún segir þær hafa sagt að aðrar stelpur á Bjargi væru farnar að kvarta yfir drengnum. Sú var ekki raunin.

„Ég var farin að prjóna sokka. Okkur þótti svo gaman að fá lítið barn þarna. Það var enginn sem klagaði yfir því, en konurnar voru búnar að finna fósturfjölskyldu í Noregi. Það var frænka Marion sem stoppaði þetta. En líf barnsins var eyðilagt og líf hennar var eyðilagt. Hún dó í Kaupmannahöfn.“

„ÞÆR VORU ALVEG HRÆÐILEGA VONDAR VIÐ HANA“

Að endingu var sonur Marion Gray tekinn af henni með valdi, samkvæmt ótal vitnisburðum nærstaddra, og sendur til Færeyja í umsjá barnaverndarnefndar í Þórshöfn. Aðstandendur hennar og aðrir tengdir málinu hafa sagt frá því í fjölmiðlum að þegar Marion hafi snúið aftur til Færeyja hafi henni verið lofað að hún fengi að sjá drenginn sinn ef hún drægi allt til baka um Bjarg sem hún hafði greint frá í viðtali við Þjóðviljann. *„Þegar Marion hafði undirritað það plagg var hún meðhöndluð sem úrhrak í Færeyjum og fékk aldrei að sjá son sinn,“* sagði Gísli Gunnarsson í viðtali við DV árið 2007, en hann hóf rannsókn á Bjargi að eigin frumkvæði í sínum tíma og átti stóran þátt í að heimilinu var lokað.

Marion var einungis um fertugt þegar hún lést.

Niðurlægðar á götum úti

„Þegar við vorum sendar í þessar messur hjá Hjálpræðishernum, þá gengu þær með okkur eins og börn á leikskólum; tvö og tvö í röð, og þær fyrir framan, aftan og við hliðina á okkur. Svona gengu þær með okkur í gegnum bæinn og allir sáu þetta. Ég er með svona andlit sem gleymist ekki svo glatt, ég veit ekki af hverju, en ég gæti aldrei orðið bankaræningi því trýnið á mér myndi þekkjast.“

Þegar farið var með stúlkurnar í slíkar göngur kom almenningur illa fram við þær á götum úti. *„Það var híað og bent.“*

Sonja rifjar upp að einu sinni hafi kviknað í kjallaranum á Bjargi. *„Þá hringdu þær eftir*



brunaliðinu, svo klæddu þær okkur úr og lokuðu okkur inni uppi á þriðju hæð. Síðan hlupu þær út. Lokuðu okkur inni og hlupu út sjálfar. Þetta er náungakærleikurinn í Hjálpræðishernum.“

Hjálpræðisherskonur í Noregi

Sonja hefur mikla óbeit á Hjálpræðishernum eftir vistina á Bjargi og lýsir því hvernig hún eitt sinn hitti fyrir hóp þeirra í Noregi, þar sem hún bjó, þegar hún fór með vinnufélögum á krá að loknum vinnudegi.

„Þær komu þarna inn og ég beið eins og kónguló í vef.“ Hún segist hafa spurt þær hvort þær þekktu þær Hjálpræðisherskonur sem hún mundi eftir af Bjargi og svo hvort þær þekktu til Bjargs. Það hafi þær gert. Sonja segist hafa látið konurnar heyra það sem henni lá á hjarta.

„Ég réðst á þær með orðum. Svo hringdu þær í mig og báðu mig afsökunar. Sögðu að ég hefði aldrei átt að vera þarna. Það er of seint að segja það þegar þú ert búin að höggva af mér lappirnar og segja mér að hlaupa! Það er of seint. Þegar ég tók þær fyrir, þá spurði ég hvernig þær hefðu getað gert þetta, og fór að tala við þær um kristindóm. Ein þeirra bað mig þá um að hætta, því ég væri að taka frá henni barnatrúna.

Þegar ég hitti þær þarna fór ég til baka. Ég varð krakki aftur.“

„ÞAÐ ER OF SEINT AÐ SEGJA ÞAÐ ÞEGAR ÞÚ ERT BÚIN AÐ HÖGGVA AF MÉR LAPPIRNAR OG SEGJA MÉR AÐ HLAUPA!“



Séra Auður Eir á Bjargi

Séra Auður Eir Vilhjálmsdóttir starfaði á Bjargi allan starfstíma heimilisins og var nefndarmaður í stjórn þess. Hún var fyrsta konan á Íslandi sem hlaut vígslu til prests árið 1974, en samhliða námi sínu í guðfræði starfaði hún sem lögreglukona og gegndi því starfi einnig þegar hún vann á Bjargi.

„Auður Eir var ekki þarna á hverjum degi, en kom eins og Grýla þegar við vorum að gera eitthvað af okkur. Hún var notuð sem Grýla. Þær sögðu okkur að ef við höguðum okkur ekki vel, myndi Auður Eir koma,“ segir Sonja. Hún lýsir því að þrátt fyrir að Anna Ona hafi verið forstöðukona, hafi allir á Bjargi skynjað að það væri Auður sem hefði völdin. *„Capo dei capi,“* segir Sonja. Það hugtak er almennt notað um glæpaforingja.

„Auður Eir sagði að það ætti að ala okkur upp í þrælsótta. Þetta er svo ókristið, óheiðarlegt og viðbjóðslegt. Og þarna, á Bjargi, ætlaði Auður Eir að koma sér upp. Þau fengu náttúrlega peninga með okkur. Við vorum bara gullgæsir.“

„AUÐUR EIR SAGÐI AÐ ÞAÐ ÆTTI AÐ ALA OKKUR UPP Í ÞRÆLSÓTTA“

Í viðtali við DV árið 2007 sagði Gísli Gunnarsson, sem rannsakaði mál Bjargsstúlkna og hjálpaði þeim við að leggja fram kæru og leita réttar síns, að forstöðukona Upptökuheimilisins í Kópavogi hafi tjáð honum að lögreglukonurnar Auður Eir og Guðlaug Sverrisdóttir hefðu viljað hafa innilokun stúlknanna - þegar þær komu þangað í upphafi - mun strangari en hún hefði sjálf óskað. Þar má til að mynda vísa til vistunar Sonju á Upptökuheimilinu fyrstu vikuna.

Forstöðukonan, Ólöf Þorsteinsdóttir, kom til viðtals við vistheimilanefnd þegar nokkur vistheimili voru rannsökuð með tilliti til þess hvort þar hefði harðræði verið beitt. Hún gaf einnig skýrslu hjá lögreglu 25. október árið 1967, þegar Bjarg var rannsakað í kjölfar kærunnar. Í vitnisburði sínum sagði hún meðal annars að viststúlkur af Bjargi hefðu stundum komið til dvalar á Upptökuheimilinu. Í öllum tilfellum hefði lögreglukona komið með þær þangað og að henni hefði fengið þau fyrirmæli frá lögreglukonunni að stúlkurnar skyldu sæta algerri einangrun meðan á dvöl þeirra stæði. Henni hafi þótt einangrun og innilokun stúlknanna harðneskjuleg, og liðið illa vegna þessara ströngu fyrirskipana. Hún hefði talið að innilokunin hefði ekki góð áhrif á heilsufar stúlknanna og þess vegna hefði hún ekki alltaf farið eftir þeim fyrirmælum. Henni þótti stúlkurnar frá Bjargi ekki verðskulda þessa meðferð.

Fyrrverandi starfskona á Upptökuheimilinu í Kópavogi sagði í viðtali við vistheimilanefnd að lögreglukona, sem einnig var nefndarmaður í stjórn Bjargs, hefði gjarnan komið með stúlkur á Upptökuheimilið. Hún hafi fyrirskipað að þær skyldu sæta einangrun. Starfskonan sagði að henni hefði þótt sú ráðstöfun harkaleg.

Rænt í níu mánuði

Á meðan stúlkurnar dvöldu á Bjargi stunduðu þær nám, líkt og hefur komið fram, en þó ekki í hefðbundnum skóla. Þær fengu aldrei að fara út af heimilinu til þess að fara í skóla, heldur var þeim kennt í herbergi á Bjargi. Þar voru Auður Eir og eiginmaður hennar meðal kennara, ásamt mönnum sem gjarnan voru í guðfræðinámi.

Sonja segir það hafa verið ákveðið markmið á heimilinu að geta sýnt fram á að stúlkurnar væru vel menntaðar.

„Það átti að sýna hvernig var hægt að draga mann upp úr slorinu og byggja upp. Það sem þær vissu ekki, er að ég var góð í skóla áður en ég kom þangað. Ég var þrisvar sinnum búin að vera hæst í bekknum. Svo þær voru ekki að kenna mér neitt, en þær lofuðu mér því að ef ég væri flink í skóla myndi ég sleppa út.“ Sonja kappkostaði því að standa sig vel í náminu á meðan hún var á Bjargi og fékk háar einkunnir.

„ÞAÐ ÁTTI AÐ SÝNA HVERNIG VAR HÆGT AÐ DRAGA MANN UPP ÚR SLORINU“

„Þá ætluðu þær að senda mig í menntaskóla, en ég neitaði því. Ég vildi bara fara út. Þá lokuðu þær mig inni.“ Sonja segist hafa verið lokuð inni á Bjargi í níu mánuði.

Hún segir vinkonu sína hafa komið að heimsækja hana þegar hún var orðin 16 ára. *„Henni var bara hent út. Á þeim tíma varstu sjálfráða 16 ára, svo þær rændu mér í níu mánuði.*

Þær ætluðu að nota mig sem fyrirmynd, til þess að sýna hvað þær hefðu gert á Bjargi. Þegar ég neitaði að lesa þá lokuðu þær mig inni með bækurnar. Ég féll niður í aðaleinkunn og Auður Eir var svo reið við mig. Hún hræddi úr mér líftóruna. Þá hentu þær mér út, guði sé lof. En þá voru þær búnar að halda mér fanginni í níu mánuði, og ég sjálfráða.“

Burt af Bjargi

Sonja lýsir því að þegar einkunnir hennar féllu undir lokin hafi gæslukonurnar sagt að eitthvað hlyti að hafa gerst. Annaðhvort væri hún með heilaskemmdir eða að hún hefði ekki lesið.

„En hún var sannarlega búin að lesa, þær sáu það, starfskonurnar. Svo þær sendu mig til sálfræðings. Ég talaði við hann um að ég væri reið. Ég hef reyndar verið reið síðan ég fór á Bjarg. Ég er alltaf í varnarstöðu.“

Sonja segist í fyrsta sinn hafa heyrt af barnaverndarnefnd þegar hún var send til sálfræðings. *„Ég hafði aldrei farið í barnavernd. Þegar þú sendir börn á svona heimili þá þarftu að fara í barnavernd. Hann skrifaði undir pappírana mína, karldurgurinn í barnaverndarnefnd, án þess að hitta mig. Þegar þetta var allt saman rifjað upp, þegar við kærðum, þá flúði sá karl til Noregs. Konurnar á Bjargi flúðu landið líka á þeim tíma. Þá var farþegaflug til Noregs einu sinni í viku þannig að þær flúðu landið í vöruflutningaflugi. Þær höfðu ekki tíma til þess að bíða eftir farþegaflugi.“*

„ÉG HAFÐI ALDREI FARIÐ Í BARNAVERND“

Sonja segir barnaverndarnefnd einu sinni hafa komið á Bjarg.

„En þau fengu ekki að koma inn. Þau fengu skilaboð um að gera boð á undan sér. Ég sá þegar þau komu. Hún bara ýtti þeim út, hún Anna Ona. Eftir það gerði nefndin boð á undan sér og þá vorum við settar í að þrífa húsið. Ég fékk ekki einu sinni að nota mín eigin föt. Ég var klædd í einhverjar hallærislegar Hjálpræðishersdulur, eins og þær vildu að ungar stúlkur á þessum aldri litu út. Þá loks fékk barnaverndarnefnd að koma inn. Þá vorum við búnar að þrífa húsið og punta það upp, setja málverk á veggina og blóm, sem annars var aldrei að sjá. Það var bara þegar það komu gestir. Ef fjölskyldan kom í heimsókn á laugardögum eða eitthvað svoleiðis.“

Sonja segir að því hafi utanaðkomandi ávallt fengið aðra mynd af Bjargi en þá raunverulegu.

„Þetta er svo falskt og óheiðarlegt.“

Sonja lýsir biðherbergi á skrifstofu sálfræðingsins sem hún var send til, eftir að einkunnir hennar lækkuðu. *„Móðir mín sat þar inni og grét. Kerlingarnar sátu þar líka og voru að prjóna. Ég talaði við sálfræðinginn og var reið; ég var agressíf. En hann bara róaði mig og talaði við*

Heitir og kaldir gæðapottar ásamt miklu úrvali af fylgi- og aukahlutum fyrir pottinn og pottaferðina



Háfur m/lengjanlegu skafti
5.950 kr.

Bursti
7.900 kr.

Hitamælir m/bandi
(stór appelsínugulur)
3.000 kr.

Hitamælir gul önd
2.500 kr.

Hitamælir golfkúla
1.900 kr.

Höfuðpúði
5.900 kr.

Algjör slökun!

Fljótandi „hengirúm". Margir litir
3.900 kr.

Nú eigum við okkar vinsælustu potta til á lager!

Pottarnir okkar eru fáanlegir í nokkrum litum.

Geirslaug
279.000 kr.

Snorralaug
299.000 kr.

Gvendarlaug
189.000 kr.

Unnarlaug
310.000 kr.

Sigurlaug
(kaldi potturinn)
135.000 kr.

Grettislaug
259.000 kr.

NORMX
Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · normx.is

Við hjá NormX höfum framleitt heita potta fyrir íslenskar aðstæður í yfir 40 ár. Við bjóðum fjölda gerða og lita ásamt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum heitum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.

Opið mánud. - fimmtud. 10 - 18 og föstud. 10 - 17

mig eins og manneskju. Svo fórum við út og hann stóð í dyrunum - þetta var lítill maður, því hann var ekki stærri en ég - og hann hélt um axlirnar á mér og sagði: „Það er ekkert að heilanum í þessari stúlku, hana vantar bara uppeldi.“ Og kerlingarnar á Bjargi misstu prjónana og mamma hætti að gráta. Svo þá var mér hent úr af Bjargi, og Auður Eir var svo reið. Hún var svo vond. Hún hótaði mér.

Auður Eir sat við enda borðsins, horfði á mig og sagði: „Ég veit alveg hvað þú ætlar að gera. Þú ætlar að fara út og vera með strákum. Og ef þú eignast krakka þá sendi ég þig í fangelsi þangað til þú ert 25 ára.“ Ég var skíthrædd; ég var næstum því búin að pissa á mig.

„OG EF ÞÚ EIGNAST KRAKKA ÞÁ SENDI ÉG ÞIG Í FANGELSI ÞANGAÐ TIL ÞÚ ERT 25 ÁRA“

Svo ég fór út. Ég vissi ekkert hvernig karlmaður leit út án fata. Það var hrópað að mér: „Þarna kemur mellan á Bjargi.“ Svo ég hugsaði með mér að ég gæti þá allavega komist að því hvernig helvítis karl leit út. Og ég varð ófrísk. Ég reyndi að losa mig við fóstrið sjálf og það tókst á endanum. Ég var svo hrædd, því Auður Eir var búin að segjast ætla að setja mig í fangelsi þangað til ég yrði 25 ára ef ég yrði ófrísk. Það var langur tími fyrir 16 ára stúlku. Og ég var hrædd við þessa konu.“

Kæran

Samkvæmt heimildum Mannlífs voru til einstaklingar sem reyndu að bjarga stúlkum af Bjargi á sínum tíma. Fjölmiðlar hafa sömuleiðis áður fjallað um aðstandendur sem reyndu að koma stúlkum af heimilinu, líkt og í tilfelli Marion Gray. Sonja kannast við það. *„Já. Foreldrar sumra stúlknanna trúðu þeim. Sumir báðu um að fá stúlkurnar heim í heimsókn og skiluðu þeim svo aldrei aftur. Svo var það Gísli Gunnarsson. Guð veri sál hans náðugur, ef guð finnst. Hann var kennari vinkonu minnar og hún fór til hans og spurði hvort þær mættu loka mig svona inni þegar ég væri orðin 16 ára. Hann sagði henni að spyrja mig hvort ég vildi tala við hann, þegar ég losnaði af Bjargi. Hún gerði það og ég fékk samband við Gísla. Eftir það fórum við og kærðum þetta.“*

Með hjálp Gísla kærði Sonja forsvarsmenn Bjargs árið 1967, ásamt annarri stúlku sem vistuð var á heimilinu. Bjargi var lokað þann 23. október árið 1967 í kjölfar ásakana og rannsókn málsins hófst formlega 18. nóvember sama ár. Sonja segir konuna sem barðist með þeim Gísla hafa tekið eigið líf fyrir nokkrum árum. *„Og ég skil hana. Fyrsta skiptið sem ég hugsaði um að fremja sjálfsmorð var á Bjargi. Ég læddist niður í eldhús og náði í hníf. En ég var of mikil gunga. Það sveið og var vont.“*

„FYRSTA SKIPTIÐ SEM ÉG HUGSAÐI UM AÐ FREMJA SJÁLFSMORÐ VAR Á BJARGI“

Sonja segir að eftir að hún lagði fram kæru á sínum tíma hafi gæslukonurnar verið yfirheyrðar en þær neitað öllu. Þær hafi síðan stungið af úr landi, með vöruflutningaflugi. Málið hafi ekki haft neinar afleiðingar fyrir þær.

„Hver á að trúa okkur? Fuglinn er floginn. Á þessum tíma gat fólk stungið af frá skattalagabrotum og fleiru, það var ekki framselt milli Norðurlandanna.“

Gísli Gunnarsson sagði í viðtali við DV árið 2007 að meðal þeirra sem hefðu setið í barnaverndarnefnd þegar málið var rannsakað á sínum tíma hafi verið móðurbróðir séra Auðar Eirar, séra Gunnar Árnason. Eftir að málið hafi verið sent fram og til baka; til ráðuneytis, saksóknara, barnaverndarnefndarráðs, bæjarfógeta, og aftur til saksóknara og ráðuneytis, hafi ríkissaksóknari loks tekið þá ákvörðun að engin málshöfðun yrði. Gísli sagði ákvörðunina hafa verið tekna í samráði við menntamálaráðuneytið.

Gylfi Þ. Gíslason var menntamálaráðherra á þessum tíma, en hann var föðurbróðir séra Auðar Eirar Vilhjálmsdóttur.

Málið hafði ekki miklar afleiðingar fyrir feril séra Auðar Eirar, þrátt fyrir að spjótin hafi staðið á henni eftir að Marion Gray sagði sögu sína í viðtali við Þjóðviljann árið 1967 og svo þegar kæran var lögð fram. Séra Auður Eir hélt því fram að ásakanirnar væru uppspuni frá rótum.

„Hún meira að segja skrifaði bók þar sem stóð að við hefðum verið að ljúga. Við hefðum ekki getað fundið upp á svona hlutum. Við sögðum sannleikann,“ segir Sonja.

„VIÐ HEFÐUM EKKI GETAÐ FUNDIÐ UPP Á SVONA HLUTUM“

Bókin sem um ræðir er ævisaga séra Auðar Eirar Vilhjálmsdóttur, Sólin kemur alltaf upp á ný, sem Edda Andrésdóttir, fjölmiðla- og fréttakona, skráði.

„Endalok heimilisins voru ekki flókin; þau réðust einfaldlega af upplognum sögum,“ segir séra Auður Eir um lokun Bjargs í bókinni.

„Við höfðum verið rænd tiltrúnni; við hefðum aldrei getað haldið áfram og okkur hefði aldrei dottið það í hug.“

Sanngirnisbætur

Sonja endaði á því að flytja af landi brott. Hún hefur átt erfiða tíma í gegnum tíðina.

Eitt var hún alltaf viss um, og það var að hún myndi aldrei eignast börn. Í því var hún ákveðin. *„Ég gerði allt til þess að eignast ekki börn. Ég fæði ekki börn inn í þennan heim sem mér var sýndur.“*

Þótt ákveðið hafi verið á sínum tíma að opinbert mál yrði ekki höfðað á hendur forsvarsmönnum Bjargs vegna ónógra sannana, komst vistheimilanefnd að þeirri niðurstöðu í skýrslu árið 2009 að það væri líklegra en ekki að stúlkurnar á Bjargi hefðu mátt þola illa meðferð og ofbeldi meðan á dvöl þeirra stóð, auk þess sem eftirlit hins opinbera með heimilinu hafi verið ófullnægjandi, og þær ættu því rétt á sanngirnisbótum frá ríkinu.

Málið hafði ekki teljandi áhrif á feril séra Auðar Eirar og varð hún líkt og áður kom fram fyrst íslenskra kvenna til þess að taka prestvígslu árið 1974. Hún stofnaði Kvennakirkjuna árið 1993 og hlaut riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu árið 2005.

Stúlknaheimilið Bjarg

Stúlknaheimilið Bjarg var starfrækt á Seltjarnarnesi á árunum 1965 til 1967, í tvö og hálft ár. Heimilið var ætlað stúlkum á aldrinum fjórtán til sextán ára og var rekið af Hjálpræðishernum, sem fékk lán frá ríkinu til húsakaupa og dagpeninga með hverri og einni stúlku sem þar var vistuð. Flestar konurnar sem störfuðu á Bjargi voru norskar konur úr Hjálpræðishernum og þaðan kom forstöðukonan, Anna Ona-Hansen. Þar starfaði einnig Auður Eir Vilhjálmsdóttir, sem þá var lögreglukona en átti síðar eftir að verða fyrsti íslenski kvenpresturinn.

Hún starfaði fyrir Hjálpræðisherinn ásamt því að sinna hefðbundnum prestsstörfum og meðal verka hennar sem prests var að stofna Kvennakirkjuna, ásamt fleirum. Séra Auður Eir sat í stjórn Bjargs og það er ljóst af frásögnum þeirra stúlkna sem vistaðar voru á heimilinu og fólks sem þekkir hvað best til sögu þess, að hún hafði töluvert um starfsemina að segja.







„Þær eru allar að segja ósatt“

– Séra Auður Eir hafnar öllum ásökunum

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi
Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

Sverrir Einarsson
S: 896 8242

Jóhanna Eiríksdóttir

Jón G. Bjarnason
S: 793 4455
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

Blaðamaður hitti séra Auði Eiri Vilhjálmsdóttur til þess að falast eftir svörum hennar við þeim ásökunum sem á hana, Bjarg og starfskonur heimilisins hafa verið bornar í gegnum tíðina. Hér verður stiklað á stóru í svörum hennar en viðtalið við Séra Auði Eiri verður birt í heild sinni á vef Mannlífs.

„Áreiðanlega, fullkomlega og óafturkallanlega viss“

Í gegnum tíðina hafa komið fram ásakanir um andlegt, líkamlegt og í sumum tilfellum kynferðislegt ofbeldi gegn stúlkum á Bjargi, þar sem tungum var jafnvel þröngvað upp í munn þeirra.

Blaðamaður spyr séra Auði Eiri hvernig hún svari því.

„Ég segi að ég sé áreiðanlega, fullkomlega og óafturkallanlega sannfærð um að þetta sé uppspuni.“

Hún segist algjörlega viss í sinni sök og talar um ósannsögli sem hugsanlega geti lagt líf fólks í rúst.

Séra Auður Eir spyr hvað manneskja eigi að gera sem sé ásökuð um brot. *„Hvað á að gera með svona ásakanir?“*

Blaðamaður spyr hvað séra Auði Eiri finnist sjálfri.

„Svo ég tali nú bara um þetta mál þá er ég fullkomlega, algjörlega og óafturkallanlega viss um að þessar konur hafa aldrei beitt þessar stúlkur kynferðislegri áreitni. Þetta eru hryllilegustu ásakanirnar vegna þess að kynferðisofbeldi leggur auðvitað líf fólks í rúst. En ásakanir um kynferðisofbeldi gera það líka.“

Aðspurð segist séra Auður Eir ekki kannast við nokkurs konar ofbeldi innan Hjálpræðishersins.

„Alls ekki. Því fer öldungis fjarri. Nú er ég svona jafn viss og ég var um kynferðisáreitnina. Nei, öldungis ekki.“

Sonja segir í viðtali sínu að séra Auður Eir hafi sagt að það ætti að ala stúlkurnar á Bjargi í þrælsótta. Þegar það er nefnt við séra Auði Eiri segist hún ekki hafa sagt það.

„Aldrei nokkurn tíma. Og ég hef ekki hugsað það.“

Kannast ekki við einangrun né hótanir

Sonja, ásamt öðrum stúlkum, hefur lýst vistinni á Upptökuheimilinu sem afar slæmri og lítilsvirðandi, þar sem þær voru hafðar í einangrun svo dögum skipti, með ekkert við að vera. Þær, sem og starfskonur Upptökuheimilisins hafa sagt starfskonur Bjargs hafa óskað eftir slíkri einangrun, þar á meðal séra Auði Eiri.

„Já, þær verða bara að gera það og tala við Upptökuheimilið. Ég held það bara. En þegar þær eru þar, þá eru þær á vegum Upptökuheimilisins.“ Hún segist aldrei hafa sent stúlkur í einangrun.

Þegar Sonja yfirgaf Bjarg segir hún séra Auði Eiri hafa hótað henni því að ef hún yrði ófrísk og eignaðist barn, yrði hún send í fangelsi til 25 ára aldurs.

Séra Auður Eir gengst ekki við þessu.

„Ég hef bara aldrei sagt þetta. Aldrei.“

Séra Auður Eir segir það ekki rétt að stúlka hafi verið lokuð inni á Bjargi í níu mánuði eftir að hún var orðin sjálfráða, líkt og Sonja hefur lýst.

„Við ákveðum ekki hverjir áttu að vera á Bjargi og hverjir ekki. Það voru barnaverndarnefndirnar. Svo það er algjörlega útilokað að við höfum ráðstafað einni eða annarri stúlku. Barnaverndarnefndirnar ákváðu hvenær þær komu og hvenær þær fóru.“

Segist engu hafa ráðið

Þegar blaðamaður hefur á orði að margir hafi talað um að hún sjálf hafi haft töluvert um rekstur Bjargs að segja, segir hún það ekki rétt.

„Þessu var stjórnað af þeim starfskonum sem þarna voru og svo yfirstjórn Hjálpræðishersins. Ég var ekki í yfirstjórn Hjálpræðishersins. Ég var í stjórn heimilisins,“ segir hún þegar hún er beðin um að lýsa stjórnarfyrirkomulaginu.

„Ég réð svosem ekki neinu. Ekki þannig.“

Menntamálaráðherra og barnaverndarnefnd

Talið berst að því að ekki hafi verið höfðað formlegt mál á hendur Bjargi í kjölfar kærunnar á sínum tíma, vegna ónógra sannana. Menntamálaráðuneytið var yfir vistheimilum og átti þátt í þeirri ákvörðun, enda fór málið meðal annars inn í ráðuneytið þegar það var rannsakað og fór á milli embætta.

Og menntamálaráðherra á þessum tíma er föðurbróðir þinn.

„Já.“

Blaðamaður bendir á að fólk hafi velt fyrir sér þessum tengslum. Hvort þau hafi eitthvað haft um málið að segja. Aðspurð hvað henni finnist um það svarar séra Auður Eir:

„Ekkert. Það hefur áreiðanlega ekki neitt að segja. Engan veginn. Þó ekki væri. Því svona mál verða bara að hafa sinn gang. Það verður að reka svona mál til þrautar, allra aðila vegna. Þannig að það er útilokað. Þetta er bara þannig.“

Málið fór á sínum tíma í gegnum barnavernd, hvar móðurbróðir séra Auðar Eirar, séra Gunnar Árnason sat.

Aðspurð um mat hennar á því hvort mennirnir tveir hafi verið til þess fallnir að gæta hlutleysis í störfum sínum, vegna þess að hún hafi verið náfrænka þeirra, segir hún:

„Ég segi að það sé áreiðanlegt og ég er fullviss um að þeir hafi ekki beitt sér á nokkurn einasta máta til þess að hlífa frænku sinni, enda ekki nokkur einasta ástæða til þess. Það hefði verið bara skelfilegt. Skelfilegt fyrir mig og skelfilegt fyrir þá, held ég. Svona mál verða að ganga fyrir sig.“

Hún segist glöð yfir því að málið hafi gengið sinn gang og fengið þessa niðurstöðu; hún sé viss um að niðurstaðan hafi verið rétt.

„Og ég er svona að velta því fyrir mér af hverju er alltaf verið að taka þetta upp aftur.“

Hvað heldur þú?

Séra Auður Eir lækkar róminn.
„Fólk hefur svo gaman að þessu.“

Hún vill vita hvort blaðamaður treysti ekki dómsniðurstöðunni.

Blaðamaður bendir séra Auði Eiri á, sem hún veit, að vistheimilanefnd taldi í skýrslu sinni, eftir úttekt, rannsóknir og viðtöl, að líklegra en ekki hafi verið að stúlkurnar á Bjargi hafi mátt þola ofbeldi og illa meðferð meðan þær dvöldu þar. Séra Auður Eir spyr hvaðan sú setning komi, sem blaðamaður svarar sem er, að komi úr skýrslu vistheimilanefndar.

„Já, frá Róbert Spanó. Já. Takk fyrir að segja þetta.“

Blaðamaður furðar sig á þökkunum.

Hvað áttu við?

„Vegna þess að fyrir mér er þetta svo lögfræðileg spurning, hvort vistheimilanefnd hefur lögfræðilegan rétt til að vefengja niðurstöðu dóms. Þetta er lögfræðileg spurning. Gífurlega alvarleg spurning. Ég bara þakka þér hjartanlega fyrir að segja þetta.“

Blaðamaður bendir á rannsóknarvinnu vistheimilanefndar og það að tekin hafi verið viðtöl við málsaðila; forstöðukonuna á Upptökuheimilinu, starfsfólk, séra Auði Eiri sjálfa, við konur sem dvöldu á Bjargi.

„Þetta er frelsi.“

Séra Auður Eir brosir allt í einu breitt.

„Takk.“

Hún teygir handleggina út hvorn í sína áttina á borðinu sem við sitjum við og hallar höfðinu aftur á bak. Hún hleypir út andardrætti, eins og hún sé fegin. Svo lítur hún aftur á blaðamann og klappar höndunum saman.

Hún segir það allt í lagi að blaðamaður viti ekki hvers vegna hún þakki honum fyrir með slíkum tilþrifum.

„Ég er að þakka þér fyrir það að hafa trú á vistheimilanefnd, frekar heldur en dómi héraðsdóms.“

Hún flissar.

Blaðamaður bendir séra Auði Eiri á, þótt líklega sé það óþarfi, að hægt sé að taka mál upp aftur síðar ef rökstudd ástæða þyki til þess.

„Fínt, fínt, fínt. Ég þarf ekki... Þetta er bara fínt, takk fyrir bara. Ég segi bara takk innilega fyrir.“

„Þær eru allar að segja ósatt“

Blaðamaður ber það upp við séra Auði Eiri að konurnar haldi ásökunum sínum til streitu, öllum þessum árum síðar.

Eru þær allar að segja ósatt?

„Þessar ásakanir sem þú last fyrir mig eru rangar.“

Þannig að þær eru allar að segja ósatt?

„Þær eru allar að segja ósatt.“

Aðspurð hvort hún sjái eftir einhverju segir hún svo ekki vera.

„Nei. Það held ég ekki. Ég gæti nú kannski ekki alveg sungið eins og Edith Piaf, „Non, je ne regrette rien“. “



Kampavíns-Kalli

Paul Adalsteinsson lifði ekki tilbreytingarsnauðu lífi
Reyndi að kúga fé út úr meðlimi bresku konungsfjölskyldunnar
Var sagður vera Kampavíns-Kalli
Gekk undir fjölmörgum nöfnum

Maður er nefndur Paul Adalsteinsson. Paul var af íslenskum ættum, en afi hans hét Páll Aðalsteinsson. Páll fluttist búferlum frá Íslandi til Grimsby á Englandi á fyrri hluta 20. aldar og var þar meðal annars skipstjóri. Paul fæddist árið 1976 í Aberdeen í Skotlandi. Foreldrar hans skildu árið 1985, þegar Paul var níu ára, en hann ákvað þá að taka upp ættarnafn breskrar móður sinnar, Elizabeth Strachan, og gekk þaðan í frá undir nafninu Ian Strachan. En allt um það.



Barst mikið á

Af ævi Ians segir fátt fyrr en hann komst í fréttir árið 2005. Um þær mundir gekk hann undir nafninu Charles Goldstein og gaf sig út fyrir að vera umsvifamikill fasteignasali og skreytti sig að auki með lögmannstitli. Þetta gerði honum kleift að dandalast eitthvað með elítunni þar og þá. Allt í fari hans bar þess merki að honum vegnaði vel; fötin voru klæðskerasaumuð og hann virtist lifa lífi þar sem kampavín og kavíar komu mikið við sögu. Vinum sínum sagði hann að hann hefði erft fúlgur fjár eftir ömmu sína og ekki voru bestu vinir hans neitt slor. Þeirra á meðal voru, að hans sögn, prinsarnir og bræðurnir William og Harry.

Bjó heima hjá mömmu

Ian var háður lyfseðilsskyldum lyfjum og var sagður bryðja þau eins og sælgæti. Til að verða sér úti um þau notaði hann ýmis nöfn; Ian Strachan, Paul Adalsteinsson, Charlie Goldstein og Paul Stein. Sögur af velgengni Ians voru verulega ýktar, svo ekki sé tekið dýpra í árinni, og reyndin allt önnur. Ian hafði fátt til að guma sig af; hann hafði gefist upp á háskólanámi og bjó heima hjá mömmu sinni. Í Daily Record sagði að fjölskylda Ians, sem hann hafði þá fjarlægst, hefði gert gys að fullyrðingum um elítulífsstíl Ians; hann væri svo sannarlega enginn „Kampavíns-Kalli (e. champagne Charlie)“, eins og lögfræðingur hans síðar meir kallaði hann. Frændi Ians, hóteleigandi í Aberdeen, sagði: „Mér er til efs að hann eigi skyrtuna sem hann klæðist.“
Þannig var nú það.

Svæsið myndband

Árið 2005 fékk Ian frábæra hugmynd til að hagnast verulega, eða svo hélt hann. Ian og maður að nafni Sean McGuigan hugðust verða sér úti um 50.000 sterlingspund með fjárkúgun. Þeir réðust ekki á garðinn þar sem hann var lægstur, því fórnarlambið tilheyrði bresku konungsfjölskyldunni. Félagarnir sögðust hafa í fórum sínum myndskeið sem sýndi helsta aðstoðarmann, „right hand man“, þess konungborna sniffa kókaín af miklum móð og nota við athöfnina kreditkort frá Harrods. Harrods-kort ku víst vera afar fáséð og ekki á hvers manns færi að komast yfir slíkt.
Það var þó ekki allt, því einnig átti myndbandið að sýna aðstoðarmanninn og þann konungborna stunda kynlíf saman á meðan nektardansmey frá Stringfellow-klúbbnum horfði á, sú hét Cindy. Einhver annar konungborinn er einnig nefndur til

sögunnar, en sá dinglaði kynfærum sínum að Ian; „waved his willy“, eins og segir á vefsíðu Daily Mail.

Enginn vildi kaupa

Þegar þarna var komið sögu höfðu þeir kumpánar leitað hófanna hjá Max nokkrum Clifford. Max þessi ku ekki hafa verið vandaður pappír um þær mundir og hrærðist í vafasömum kreðsum.
Hann var einkum þekktur fyrir að reyna að selja slúðurblöðunum frásagnir af ástarævintýrum fólks sem eitthvað átti undir sér.
Þegar félagarnir Ian og Sean viðruðu möguleg viðskipti við Max Clifford, kom á daginn að ekki einu sinni hann vildi snerta á því sem þeir höfðu að bjóða. Þeir reyndu að selja öðrum dagblöðum myndbandsupptökuna, en fóru bónleiðir til búðar.
Því var fátt annað í stöðunni en að ganga beint til verks og kúga fé út úr þeim konungborna, sem var hvorki meira né minna en systursonur Elísabetar Englandsdrottningar.



Gripnir glóðvolgir

Frá því er skemmst að segja að þetta ráðabrugg lukkuriddaranna fór ekki sem skyldi og þeir voru handteknir 11. september, 2007. Lögreglan fékk 50.000 sterlingspund sem nota átti sem beitu til að hafa hendur í hári fjárkúgaranna og Ian og Sean voru handteknir á hóteli í London af óeinkennisklæddum lögreglumönnum úr hryðjuverkadeild bresku lögreglunnar. Þeir félagar, Ian og Sean, áttu sennilega von á hinum konungborna, eða fulltrúa hans, með 50.000 pund í farteskinu og eflaust kom handtakan þeim í opna skjöldu. Ian og Sean voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald í Belmarsh-fangelsi og skyndilega staddir í hringiðu fjölmiðlanna, en ljóst var að þeir myndu aldrei komast í álnir með þeim hætti sem þeir hugðust. Þeir sóttu um lausn gegn tryggingu 2. nóvember og aftur 8. desember, en höfðu ekki erindi sem erfiði. Báðir lýstu yfir sakleysi sínu við forréttarhöldin 20. desember, 2007.
Ian og Sean þurftu nú að að huga að vörnum í málinu, en réttarhöldin hófust 14. apríl, 2008.

Vafasamur verjandi

Í fararbroddi í vörn Ians var Giovanni Di Stefano, alræmdur og margdæmdur svikahrappur. Hann mun vera réttindalaus með öllu í þeim efnum. Á meðal viðskiptavina hans, að eigin sögn, má nefna Saddam Hussein, forseta Íraks, Slobodan Milosevic, forseta Serbíu, og glyspopparann, kynferðisbrotamanninn og barnaníðinginn Gary Glitter. Di Stefano hefur verið bannað að koma nálægt slíkum málum í Bretlandi og hefur ekki réttindi til að starfa sem lögmaður á Ítalíu.



Sagan segir að hann hafi verið útlægur ger frá Bandaríkjunum og enginn aufúsugestur á Nýja-Sjálandi, en þarlend yfirvöld hafa bannað honum að flytjast til landsins. Giovanni Di Stefano hefur verið sakfelldur fjórum sinnum á Írlandi og Bretlandi, alla jafna fyrir svik og pretti. Dómari einn sagði um Di Stefano að hann væri: „einn mesti svikahrappur í heimi.“
Árið 2013 fékk Giovanni Di Stefano 14 ára dóm eftir að hafa verið fundinn sekur um 27 ákæruatriði, meðal annars að villa á sér heimildir.
En allt þetta er önnur saga.

Velvild, ekki hagnaðarvon

Við réttarhöldin vísuðu Ian og Sean báðir sakargiftum á hendur sér á bug. Þeir fullyrtu hins vegar að þeir hefðu haft að leiðarljósi hagsmuni systursonar Elísabetar drottningar og velferð. Þeim hefði verið umhugað um að forða honum frá fári miklu. Ekki var lagður trúnaður á þá útskýringu; tilgangurinn hefði eingöngu verið að komast yfir fé.
Í maí, 2008, voru Ian Strachan og Sean McGuigan sakfelldir fyrir tilraun til fjárkúgunar. Hvor um sig fékk fimm ára dóm, en kostnaður vegna rannsóknarinnar og réttarhaldanna mun hafa farið yfir eina milljón sterlingspunda. Ekki hafði þá verið gerð tilraun til fjárkúgunar á hendur konungsfjölskyldunni í meira en eina öld og var það mat margra að hin kostnaðarsömu réttarhöld hefðu verið helst til „yfirdrifin viðbrögð“.
Ian Strachan afplánaði tæplega helming dómsins.

Ian flýr land

Það bar til tíðinda árið 2010 að Ian Strachan, sem þá hafði leitað á bernskuslóðir í Skotlandi, hefði flúið land og þannig sennilega rofið skilorð sem fylgdi styttingu afplánunar hans á bak við lás og slá. Ekki var vitað hvert Ian hafði farið, en talið nokkuð víst að áfangastaður hans hefði verið ríki sem ekki hafði framsalssamning við Bretland.
Í Daily Record er haft eftir Ian: „Ég var búinn að fá nóg af þessu. Þeir hótuðu að henda mér aftur í grjótið ef ég setti mig upp á móti dómnum sem ég fékk.“
Ian fullyrti að hann hefði gengist undir lýtaaðgerðir og breytt útliti sínu svo hann yrði óþekkjanlegur. Að hans sögn kostuðu aðgerðirnar 34.000 sterlingspund. „Ég verð á flótta, þar til sakleysi mitt verður sannað,“ sagði Ian.
Stjórnvöld í Skotlandi gáfu út handtökuskipun á hendur Ian, en talið var að hann nýtti sér tvöfaldan ríkisborgararétt, íslenskan og breskan, á flóttanum.

Aflimun og farbann

Segir ekki meira af ævintýrum Ians fyrr en árið 2013. Þá lenti hann í því óhappi að falla niður af svölum. Fallið var 10 metrar og það segir sig kannski sjálft að slíkt er engum manni hollt.
Taka þurfti af Ian vinstri fótlegg auk þess sem mjaðmagrindin hlaut verulega skaða af. Í kjölfarið neytti Ian kókaíns reglulega og drakk stíft, að sögn til að þola óbærilegan sársauka vegna aflimunarinnar.
Ætla má að sjaldan hafi verið lognmolla þar sem Ian Strachan var á ferð. Í desember, 2015, varð hann enn og aftur fréttaefni breskra fjölmiðla. Þá var hann staddur í Dúbaí undir nafninu Charles Goldstein. Þar hafði hann, að eigin sögn, þjáðst í átta mánuði og vegabréfið hafði verið tekið af honum. Honum var meinað að yfirgefa landið fyrr en hann hefði greitt 100.000 sterlingspund sem hann var krafinn um af lúxusbílaleigu þar í landi, vegna skemmda á bíl sem hann hafði leigt.
Sjálfur sagðist Ian vera fórnarlamb svika, að hann skuldaði minna en 1.000 pund og skemmdirnar á bílnum, Audi R8, hefðu verið til staðar þegar hann tók hann á leigu.
„Mér líður eins og ég sé í hryllilegri, niðdimmri holu. Allt sem ég átti, hefur Dúbaí haft af mér. Ég hef tapað gjörsamlega öllu,“ sagði Ian.

Síðustu skilaboðin

Eftir tíu mánaða dvöl í Dúbaí komst Ian heim til Englands. Segir sagan að hann hafi flúið frá Dúbaí og komist til Íran og þaðan með einhverjum leiðum heim á gamlar slóðir. Þangað kominn tók hann upp fyrri siði í West End.
Árið 2016 fékk Ian Strachan hjartaáfall í tvígang og var hvort tveggja rakið til kókaínneyslu hans. Einnig varð hann þekktur að ofbeldisfullri hegðun í garð móður sinnar.
Á aðfangadagskvöld, árið 2016, fannst Ian látinn heima hjá sér. Hann hafði þá innbyrt feiknin öll af lyfseðilsskyldum lyfjum; codein, maxicodone, xopicone og fleira. Lyfjunum hafði hann blandað saman við mjólk.
Um þetta leyti hafði Ian orðið sífellt árásargjarnari í garð móður sinnar. Hann hafði þó snætt hádegisverð með henni 23. desember. Síðar sama dag hafði móðir hans heimsótt hann og farið um klukkan 21.30 um kvöldið. Um sólarhring áður en hann fannst látinn hafði hann sent móður sinni textaskilaboð: „Þú vilt fá lík, nú hefur þú fengið það. Það verður öðruvísi dagur á morgun, ég mun ekki verða hér.“

Heimildir: Daily Record, The Scottish Sun, Daily Mail, Scotsman, Wikipedia, mbl.is, visir.is





Leiðarinn

Reynir Traustason

Katrín og auðrónarnir

Smám saman hefur hallað á verri veginn með ríkisstjórnina. Óeining hefur brotist upp á yfirborðið. Sjálfstæðisflokkurinn og Vinstri græn gátu unað vel saman á meðan Covid yfirskyggði allt samfélagið. Nú er að koma á daginn að samleiðin byggist á eftirgjöf Vinstri grænna í þeirra veigamiklum málum. Flokkurinn er nánast orðin hækja Sjálfstæðisflokksins og ráfar stefnulaust inn í framtíð sem getur ekki falið í sér annað en örbirgð eða endalok.

Salan á bréfunum í Íslandsbanka var á ábyrgð Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra sem, meðvitað eða ómeðvitað, tryggði föður sínum skerf af þeirri köku. Útboðið var þannig að einungis útvaldir fengu að taka þátt. Þetta blasir við, sama hvernig menn reyna að snúa út úr þeim málum. Í besta falli siðlaust.

Fjármálaráðherra ber stærsta ábyrgð á sölunni. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra axlaði svo ábyrgð með því að kvitta upp á gjörninginn og gera þannig flokk sinn meðsekan. Vinstri græn, sem hafa gefið sig út fyrir að vera samviska þjóðarinnar, eru komin á kaf í sukkið með einhverjum verstu auðrónum Íslands.

Þjóðin treysti því lengst af að VG stæði vörð um íslenska náttúru og hag fátækra og þeirra sem lítið eiga aflögu. Ekkert af þessu stenst lengur. Flokkurinn stendur að undarlegum og fráleitum ákvörðunum um að aflétta friðun svæða á þar sem Héraðsvötn skarta sínu fegursta. Aðeins einn þingmaður flokksins andmælti þeirri breytingu. Flokkurinn stendur ekki lengur í lappirnar gegn stóriðju eða skemmdum á náttúru Íslands. Flokkurinn stendur varla fyrir neitt annað en það að hanga á völdum með flokki sem er í senn óalandi og óferjandi. Nýjustu fylgistölur benda til þess að hann sé kominn niður í 7 prósenta fylgi. Fyrir því er aðeins ein ástæða; dauðadansinn við Sjálfstæðisflokkinn.


Rétt eins og VG hefur grafið hugsjónir sínar í haug valdafíknar þá er Sjálfstæðisflokkurinn sama marki brenndur. Flokkurinn hefur verið að visna og dragast saman í formannstíð Bjarna Benediktssonar. Hann siglir undir fölsku flaggi, flokkurinn þykist vera málsvari frelsis og einkaframtaks en er í raun fyrirgreiðsluflokkur með gæðinga sína á beit í aldingarði þjóðar. Ekkert fer fyrir aðhaldi flokksins í ríkisfjármálum eða ráðdeild hans. Flokkurinn er upptekinn af því að raða sínu fólki á ríkisjötuna og gætir þess að hlunnindin fari til innmúraðra félaga. Núverandi stjórn flokksins gerir ekkert með frelsi eða aðrar hugsjónir. Afleiðingin af falsinu blasir við. Heiðarlegt fólk flýr flokkinn unnvörpum og eftir sitja hinir spilltu og halda áfram að stela forboðnum ávöxtum.

Katrín Jakobsdóttir á ekki marga kosti í stöðunni. Hún getur haldið áfram að fljóta að feigðarósi ásamt spillingarkólfum hægrisins og endað sem formaðurinn sem skipti út hugsjónum fyrir völd. En hún getur líka stöðvað það ferli með því því að slíta núverandi samstarfi og henda Sjálfstæðisflokknum út í von um að mynda fjögurra flokka stjórn með því að kippa Samfylkingu, Pírötum eða Flokki fólksins um borð ásamt Framsóknarflokki. Þá fengjum við ríkisstjórn sem veitt getur nauðsynlegt aðhald. Jafnframt fengi Sjálfstæðisflokkurinn tækifæri til að stokka upp spilin og hverfa frá frændhygli og spillingu. Breytingar eru nauðsynlegar í samfélaginu. Stjórnmálamenn þurfa að standa við yfirlýsta stefnu sína.



Aðsend skoðun

Hjörvar Pétursson



Tímaferðalangarnir

Umsjón: Björgvin Gunnarsson

Ég hugsa stundum um það að ég er tímaferðalangur. Kominn hingað frá árinu 1972. Búinn að vera 50 ár á leiðinni núna. Fólk sem snýr til baka frá löndum sem eru því framandi talar stundum um að það hafi orðið fyrir menningarsjokki. Að umhverfið sem beið þess á áfangastað hafi verið svo framandi að það hafi ekki getað aðlagast því í fljótu bragði.

Fólk talar líka stundum um mikilvægi þess að taka inn það sem ber fyrir augu á leiðinni en gleyma sér ekki yfir áfangastaðnum. Það er samt erfitt fyrir fólk sem stígur upp í flugvél og er innan sólarhrings komið í aðra heimsálfu, aðra árstíð, aðra menningu. Sá tími til aðlögunar sem fæst með styttri og fleiri dagleiðum er ekki sjálfgefinn þegar hoppað er upp í vél til að stíga út úr henni allt annarsstaðar.

Við erum tímaferðalangar. En við hoppuðum ekki hingað með tímaferðavél á einni nóttu. Við erum komin hingað gegnum alla þá leiðardaga sem hafa liðið frá því við fæddumst. Og fólk sem fylgdist ekki með umhverfi sínu á leiðinni getur fengið sjokk þegar það lítur í kringum sig og sér að menningin þangað sem það er komið er allt önnur en þegar það lagði af stað.
Þetta skiptir dálitlu máli á tímaferðalögum. Að fylgjast með umhverfi sínu á leiðinni. Deila því með samferðafólki hvernig lífið var í upphafi ferðar, já, en mikilvægara að taka eftir hvernig umhorfs er á leiðinni. Því það verður öðruvísi á morgun. Og hver leggur ferðarinnar sem er framundan verður lengra í burtu frá heimahögunum en sá í dag.
Á tímanum sem ég kem frá mátti borða eins mikið af bláum Ópal og þig langaði. Það mátti reykja framan í börnin. Og það mátti þvinga fólk með fatlanir í ófrjósemisaðgerðir, án þess samþykkis eða vitundar. Hér á Íslandi, fyrir minna en fimmtíu árum. Þegar ferðin er löng fer fólk að langa til að snúa aftur heim. En þar liggur hundurinn grafinn. Það verður aldrei snúið til baka frá því framandi landi sem við köllum daginn í dag. Og ef við lítum til baka getum við séð að það sem var þá heima er frekar ömurlegt í samanburðinum, allt frá bílbeltalausum aftursætum og því að þvinga fólk inní kynhneigð og kynvitund sem er ekki þess eigin, til þess að þykja sjálfsagt þegar karlar í valdastöðum kæra ungar stúlkur fyrir að tala opinberlega um að þeir hafi misnotað þær.

Ömurlegast af öllu er samt þegar fólk vill taka þau sem eiga heima hér í dag með sér aftur þangað til baka.



Fjögur á förnum vegi
Spurningin

Til hvers hlakkar þú mest í sumar?

Umsjón: Lára Garðarsdóttir



Svavar Einarsson
„Æi, ég veit það ekki – ætli það sé ekki bara góða veðrið?“



Árni Friðberg Helgason
„Ég hlakka mest til að vera með fjölskyldunni og börnunum í sumar.“



Páll „Palli“ Gíslason
„Ég verð fertugur í ágúst.“



Sigrún Helga Baldursdóttir
„Ég verð að segja tónleikanna með Moses Hightower og Prins Póló í Gamla bíói.“



Fjölmiðlapistillinn
Lára Garðarsdóttir

Lækkaðu í útvarpinu svo ég sjái betur



„Vá, hversu miðaldra?“ var spurning sem skaut upp kollinum þegar ég stóð mig að því að slökkva á útvarpinu í bílnum þegar ég var að leita að réttu heimilisfangi. Símasandi þáttarstjórnandinn lét dæluna ganga um allt það sem engu máli skiptir. Ég var að verða of sein, villt og ofan á allt fáránlega gömul – að mér fannst.

Símahnappur í stýrinu, bakkmyndavél, GPS, skjár í mælaborðinu, skjáir í höfuðpúðunum, hleðsludokka, USB, Bluetooth, AUX-tengi og glasahaldari. Allt er þetta að verða staðalbúnaður í nýjum bílum. Þegar ég lærði á bíl þá þótti það draumur ef bíllinn var með geislaspilara og enn betra ef það var NMT-bílasími. Töffararnir í bænum voru með bassakeilu í skottinu. „Æi, loftnetið á bílnum er brotið“ – Jæja, þá rúntaði maður í þögninni eða gróf upp útjaskaða kassettu með tónlist sem var stolin frá útvarpinu. Rólegt og rómantískt var uppáhalds.

Heilinn okkar er þeim hæfileikum gæddur að geta unnið úr fleiri verkefnum en einu í senn – þó með takmörkunum. Þannig getum við setið, andað, hugsað, keyrt bíl og hlustað á útvarp. Niðurstöður rannsókna hafa jafnvel sýnt að hlustun á útvarp meðan á akstri stendur getur verið gagnleg – og hjálpi okkur við að halda einbeitingu og vöku á lengri vegalengdum. Allt fer þetta þó eftir því hvaða svæði heilans er í notkun. Þannig getum við móttekið nýjar upplýsingar í gegnum hlustun í bíltúrnum, en allt fer í köku ef við ætlum að lesa á sama rúnti.

Að bæta við þriðja verkefninu skapar umferðarteppu í höfðinu á okkur, eins og t.d. það að reyna að rata í nýju hverfi eða bakka í stæði. Framheilinn tekur völdin og síar frá það sem hann telur hafa minnsta vægið. Það sem okkur þótti fyrir skemmstu hljóma sem góð tónlist í eyrum verður að sísuði, fróðleikur fréttaþular eða frásögn samferðamanns verður að ærandi truflun og kaffið í fína glasahaldaranum má bara kólna. Sjónin þrengist og við þögnum. Slökktu á þessu gargani.

Ég fann heimilisfangið og náði á réttum tíma, en að erindi mínu loknu gat ég illa hrist af mér þessi bitför elli kerlingar. Drifin áfram af örvæntingu og þörf fyrir að afsanna háværa aldursfordóma mína, lagðist ég í örlitla rannsóknarvinnu: Af hverju þurfum við sem manneskjur að lækka til að sjá betur.

Sannkölluð gleðitíðindi voru að komast að því að aldurinn hefur ekkert með málið að gera. Heldur má þakka heilanum – sem er framþróaðri og fullkomnari en nýjasta og fínasta rennireið götunnar. Meira að segja er heilinn viðbragðsfljótari, traustari, og fullkomnari en allar komandi kynslóðir hvers lags ökutækja … nú eða öskrandi útvarpstækja.

Orðrómur

Kolla látin fjúka



Það vakti mikla furðu þegar **Sigmundur Ernir Rúnarsson**, ritstjóri Fréttablaðsins, sagði **Kolbrúnu Bergþórsdóttur** blaðamanni upp störfum. Kolbrún er gríðarlega vinsæl og afkastamikil og nýtur virðingar vegna djúpstæðrar þekkingar sinnar á menningarmálum. Það flýgur fyrir að helsta skýring á brottrekstrinum sé sú að Kolbrún taldi skoðanakönnun Fréttablaðsins um fylgi stjórnmálaflokka ekki marktæka. Aðrir telja að niðurskurður blasi við hjá útgefandanum og sú sársaukafulla ákvörðun hafi verið tekin að fleygja út einni helstu skrautfjöður blaðsins …



Skotspónninn

Einn atkvæðamesti blaðamaður Fréttablaðsins er **Ólafur Arnarson**, fyrrverandi formaður Neytendasamtakanna. Drottningarviðtal hans við **Róbert Wessman** vakti nokkra athygli. Þar kom fram að Ólafur hafði áhyggjur af því að auðmaðurinn væri skotspónn ófundarmanna vegna velgengni sinnar. Sjálfur lætur Róbert sér fátt um finnast og reifaði þau sjónarmið sín að fólk væri meira virði en peningar. Viðtalið dró fram nýja hlið á athafnamanninum og víst er að einhverjum vöknaði um augu við lesturinn …





Glúmur þráir starf



Glúmur Baldvinsson komst rækilega á kortið þegar hann fór í framboð fyrir þingkosningarnar 2021 ásamt **Guðmundi Franklín Jónssyni**, formanni Frjálslynda lýðræðisflokksins. Glúmur er af stórum ættum stjórnmálamanna og töldu einhverjir að hann ætti fyrir höndum glæsta framtíð í stjórnmálum. Það hefur ekki gengið eftir. Undarleg sviðsframkoma hans í kappræðum síðustu alþingiskosninga vakti einna helst athygli og hann náði ekki kjöri. Hann er þó ekki af baki dottinn og vill nú verða bæjarstjóri í Mosfellsbæ. Ólíklegt er talið að það gangi eftir …



Lilja fékk nóg



Vestfirðingurinn **Lilja Rafney Magnúsdóttir**, varaþingmaður Vinstri - grænna, er á förum úr flokknum, í fússi ef marka má yfirlýsingar hennar. Mikill kraftur hefur verið í Lilju sem þó þurfti að lúta í lægra haldi fyrir **Bjarna Jónssyni** sem hirti af henni oddvitasætið og þar með þingmennskuna. Lilja hefur verið dálítið á skjön við flokkinn í málum sem snúa að fiskeldi og virkjunum, en hún þykir vera höll undir hvort tveggja. Gárungar telja að leið hennar muni liggja þráðbeint í Framsóknarflokkinn, sem margir úr hennar ætt hafa stutt um áratugaskeið …



CBD *RVK

CBD
REYKJAVÍK

Kraftur
náttúrunnar í
hverjum dropa

cbdrvk.is





Viðtal: Reynir Traustason Myndir: Kazuma Takigawa

Sverrir Þór Sverrisson - Sveppi:

„Það er æðislegt að hlaupa allsber í margmenni“

Sverrir Þór Sverrisson. Sveppi. Í viðtali við Reyni Traustason segir hann frá því hvernig nafnið Sveppi kom til, hann talar um æskuárin þegar hann vildi fíflast og vera fyndinn, árin í FB þar sem hann var í vídeó- og skemmtinefnd, tímann á grænmetislagernum, upphaf ferilsins sem hann er þekktur fyrir, sem var að ganga hringinn í kringum Ísland í tvo mánuði, hann talar um hrekkina og áskoranirnar í sjónvarpinu, svo sem þegar hann hljóp allsber niður Laugaveginn, jákvætt áreitið og svo talar hann örlítið um fjölskylduna. Hann talar líka um hvað sé fram undan og hvort hann vilji verða gamalmenni á Spáni.

„Ég hef verið kallaður Sveppi í 40 ár. Þetta byrjaði þegar ég var fjögurra eða fimm ára uppi í Breiðholti. Þá var ég með bróður mínum, sem var tveimur árum eldri en ég. Hann nennti aldrei að leika sér við mig. Við bjuggum í stigagangi í Eyjabakka 9 og á efstu hæðinni var strákur sem er líka tveimur árum eldri en ég og þeir voru alltaf að leika sér saman og þeir nenntu aldrei að hafa mig með þannig að ég var alltaf að leika mér við mömmu hans þegar hún var heima. Við vorum eitthvað að baka og hún nennti að tala við mig; strákarnir nenntu ekkert að tala við mig. Og ég bað hana um að kalla mig Sveppa og hún eiginlega startaði því,“ segir Sverrir Þór Sverrisson, betur þekktur sem einmitt Sveppi, í viðtali við Reyni Traustason.

Af hverju datt þér það í hug?

„Ég hef ekki hugmynd. Mér fannst það eitthvað snjallt á þeim tíma.“

Og svo bættist við „krull“.

„Já, svo kom það seinna. Það er nú alveg að verða búið. Sveppi krull. Krulli kom svolítið þegar ég byrjaði í sjónvarpinu.“

Ég er einhver fræðingur

Sveppi segir að það hafi alltaf blundað í sér að gera eitthvað af þessu tagi - þessu sem hann er þekktur fyrir.

„Ég var snemma í grunnskóla byrjaður að fíflast og reyna að vera fyndinn og vera með smávesen og láta skamma mig. Þegar ég varð eldri var ég sendur út úr tíma af því að ég var óþekkur. Jú, kannski var ég óþekkur, en ég var samt alltaf að reyna að skemmta krökkunum í bekknum með einhverju gríni.“

Sveppi flosnaði upp úr námi.

„Ég kláraði nú grunnskólann með sæmd og er náttúrlega bara gagnfræðingur í dag; það er rosalegt - ég er einhver fræðingur. Svo lá leiðin upp í Fjölbraut í Breiðholti.“ Og þar var Sveppi í fjögur ár. *„En ég á örugglega svona þrjú ár eftir.“*

Þú hefur ekki fengið húfu?

„Nei. Ég fékk ekki húfu. Ég var tækifærissinni og stökk í hvað sem var skemmtilegt. Ég var í vídeónefnd; við vorum að búa til sjónvarpsþætti sem voru sýndir í mötuneytinu einu sinni í mánuði, ég og vinur minn. Við vorum í skemmtinefnd þannig að við vorum að skipuleggja böll og einhver svona „happenings“. Ég vil meina að ég lifi á því enn þann dag í dag, að hafa verið í FB að gera þetta. Við vorum á kvöldin að klippa vídeó og búa til eitthvað. Reyna að vera fyndnir.“

Þarna varstu í rauninni að þjálfa þig fyrir það sem seinna kom.

„Það má segja að þetta hafi verið minn skóli í því. En námið fór dálítið fyrir ofan garð og neðan.“

Hann dreymdi um að verða leikari. Tala inn á teiknimyndir.

Grænmetislagerinn

Sveppi vann hjá Hagkaupum. Á grænmetislager hjá Baugi. Var verkamaður.

> *Ég vil meina að ég lifi á þessu enn þann dag í dag*

Sveppi segist hafa fengið tilboð frá Hagkaupum sem hann hefði ekki getað hafnað. *„Það var 115.000 kall á mánuði og vinna í vaktavinnu annaðhvort frá níu á morgnana til þrjú á daginn eða frá þrjú á daginn til níu á kvöldin hina vikuna og aðra hverja helgi. Þá hætti ég í skóla.*

Það voru guttar eins og ég sem voru að vinna þarna. Vaktstjórinn sem var yfir mér var ágætis félagi minn. Hann var skemmtilegur. Og þetta voru skemmtilegir strákar sem voru að vinna þarna. Svo fór hann á grænmetislagerinn sem deilir grænmeti út í allar búðirnar og hann tók mig með í það. Það var geggjað. Það hentaði mér ekkert rosalega vel að vera í Hagkaupum. Það hentar mér ekki að vera í þjónustustarfi. Ég gæti ekki verið þjónn. Ef einhver myndi kvarta þá væri ég „fokkaðu þér og éttu þessa súpu“. Í alvöru. Ég verð svo pirraður á fólki. Þannig að það hentaði mér miklu betur að vera á lager. Það komu bara bílstjórar að sækja bretti og ef þeir voru að rífa kjaft þá gat maður rifið kjaft og „nobody cares“. Það var gaman.

Og þar var ég að vinna í akkorði. Það hentaði mér vel. Það var þannig að ég var með ákveðnar búðir sem ég þurfti að taka til grænmeti fyrir. 10-11 í Lágmúla. Allar 10-11 búðirnar. Ég var kannski með sex búðir. Svo var ég með stóru búðirnar; Hagkaupum í Skeifunni og Hagkaupum í Smáralind. Svo var ég með Nýkaup sem var og hét. Var með tvær þannig búðir. Og ég átti að sjá um þær. Grænmetið þurfti að vera tilbúið klukkan sjö um morguninn þegar bílarnir komu að sækja og keyra það út. Þannig að ég mætti í vinnuna kannski klukkan níu um morguninn og dreif mig í þessu; var í tvo tíma í vinnunni. Svo þurfti ég reyndar að mæta aftur af því að það var svo mikið grænmeti að koma sem átti eftir að sækja; var kannski að koma með flugi frá Hollandi. Þá þurfti ég kannski að koma aftur klukkan fjögur um daginn, eða fimm, og klára. Svo gat ég sleppt því að vinnan allan daginn og kom klukkan 11 um kvöldið. Var bara með lykil og þá var enginn. Þá var ég bara einn. Þá var ég kannski að vinna frá svona ellefu um kvöldið til þrjú um nóttina. Svo tók ég vini mína með mér. Svo stálum við alltaf smágrænmeti. Sérrítómötum og svona. Þetta var skemmtilegur tími. Mér hefur alltaf fundist gaman að vinna. Mér er alveg sama hvernig vinna það er. Eins og hjá Þorvaldi í ÞV; ég var að skafa snjó af spýtum. Þá var ég að vinna í grænmetinu í akkorði og af því að mér fannst það ekki nógu mikil vinna þá fór ég að vinna hjá Þorvaldi Gissurar fyrir hádegi. Ég vann bara hálfan daginn. Þá vann ég frá átta til tólf við að skafa spýtur í ískulda og svo frá tólf til eitthvað í grænmetinu. Þannig að ég var í tveimur störfum.“

Gekk hringinn

Það var á þessum tíma, árið 2000, sem Sveppi fékk símtal frá Jóa og Simma um hvort hann væri ekki „sniðugt eintak“ til að ganga hringinn í kringum Ísland.

„Ég þurfti nú aðeins að hugsa það,“ segir Sveppi, en hann ákvað svo slá til.

„Þeir voru að vinna á útvarpsstöð sem hét Mono og voru með þátt þar, Simmi og Jói, sem hét Sjötíu og var frá sjö til tíu á morgnana. Morgunþáttur. Það var að koma sumar og þeir vildu gera eitthvað skemmtilegt um sumarið. Og þá datt þeim í hug að fá einhvern rasshaus eins og mig til að labba hringinn í kringum landið. Það var alltaf partí á hverjum stað. Ég lagði af stað 1. júní árið 2000 og kom til baka 3. ágúst. Ég var í tvo mánuði og gekk að meðaltali um 25 kílómetra á dag.“

Félagi Sveppa var á bíl með tjaldvagn.

Var mikill peningur í þessu?

„Þá fékk ég verktakalaun. Þetta var 200.000 kall á mánuði.“

Jú, gangan hófst.





ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað


Sverrir Einarsson
S: 896 8242


Jóhanna Eiríksdóttir


Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

„Ég var í gönguskóm en eftir fyrstu tíu dagana var ég handónýtur. Það var allt í hakki. Menn sögðu „ertu búinn að æfa þig?“. Æfa mig? Ég er búinn að labba síðan ég var tveggja ára; var búinn að æfa mig helvíti mikið. Búinn að labba í 20 ár. Ég hlýt að geta labbað hringinn í kringum Ísland. En ég va r stirður í hnésbótinni og með blöðrur á tánum. Þetta var dálítið bras fyrstu dagana. Svo vann ég mér í haginn, einhvern tímann. Ég vaknaði kannski klukkan sex um morguninn þann daginn, labbaði bara maraþon, 42 kílómetra, og þá vann ég mér inn nánast bara frídag. Pabbi var búinn að skrifa nákvæmlega hvað ég þurfti að labba á dag til þess að ná hringnum. Hann bjó til bók þar sem hann hafði skrifað „Reykjavík - Hvalfjörður 25 kílómetrar. Áhugaverðir staðir til að skoða.“ Þá var hann með landafræðibók. Hann gaf mér bók sem ég studdi mig við. Þetta var æðislegt.“

Tveir mánuðir.

„Þetta var langur tími. Ég var þarna með vini mínum og við vorum ekki að gera neitt annað en að labba. Berufjörðurinn er „hell“. Þegar þú ert að koma inn í Berufjörðinn austan megin þá sérðu yfir í Djúpavog, en þú átt eftir að labba hann allan út í enda og til baka. Svona firðir eru vesen. Mér finnst leiðinlegt að keyra þá, hvað þá labba.“

Sveppi svindlaði. *„Ég svindlaði þegar ég var að koma inn á Akureyri. Þá fannst mér svo plebbalegt að labba í gegnum Akureyri. Við stoppuðum rétt fyrir utan Þelamörk. Við keyrðum fram hjá Þelamörk, en þar var ég búinn með daginn og þar fórum við inn á hótel og svo byrjaði ég daginn eftir hinum megin við brúna.“*

Virkaði þetta í útvarpinu og var stemming í kringum ferðalagið?

„Til að byrja með. Eftir Akureyri þá gleymdist ég svolítið í útvarpinu. Þá voru þeir hættir að hringja í mig strákarnir, Simmi og Jói. Gleymdu að hringja í labbikarlinn. Þannig að ég var einhvers staðar á Mývatni ráfandi um; að labba og reyna að koma mér á Egilsstaði. Tómt vesen. Það er dálítið langur spotti, fannst mér. En það var grillað á Egilsstöðum. Eitthvað húllumhæ. Það átti að hringja í mig á hverjum degi, en svo er takmarkað hvað maður getur talað á hverjum degi, labbikarlinn. Þannig að ég gleymdist á ákveðnum köflum. Svo þegar ég kom í bæinn þá fór útvarpsstöðin á hausinn, held ég. Þetta var það síðasta sem þessi útvarpsstöð gerði - að láta mig labba í kringum landið.“

Ógeðslega fyndið

Sveppi var kominn á kortið. Hann var kominn í umræðuna og menn vissu að hann gat verið skemmtilegur.

„Þarna fannst mér ég vera kominn dálítið með fótinn í dyrnar og vildi halda áfram að gera eitthvað; eitthvað innan Íslenska útvarpsfélagsins sem var og hét, þar sem voru sjónvarpsstöðvar og útvarpsstöðvar, hvort sem ég myndi byrja með einhvern útvarpsþátt eða eitthvað. Þannig að ég ýtti dálítið á eftir því. Það voru alls konar hugmyndir í gangi.“

> *Þannig að ég gleymdist á ákveðnum köflum*

Sveppi segir að Simmi og Jói hafi svo farið að gera sjónvarpsþátt á Popptíví.

„Popptíví var innan útvarpsfélagsins og sýndi bara myndbönd og þeir ætluðu að byrja þar með sjónvarpsþátt sem væri daglega á hverju kvöldi í 70 mínútur. Og ég var með þeim frá upphafi. Þetta var í október 2000. Þeir renndu dálítið blint í sjóinn. Þetta var þannig séð útvarpsþáttur í sjónvarpi. Og svo voru þeir með nokkra dagskrárliði.“

Þar byrjaði ógeðsdrykkurinn. Hrekkirnir. Hvað er minnisstæðast varðandi hrekkina eða uppátækin?

„Það er svo margt. Þetta var þægilegt. Það var enginn að pæla í okkur. Við vorum bara uppi á Stöð 2; við vorum bara með skrifstofu og við gerðum bara nákvæmlega það sem við vildum. Svo fengum við stúdíó og við máttum vera þar í hádeginu til að taka upp þáttinn, af því að þá voru allir í mat. Þá máttum við sniglast inn í klukkutíma til að taka upp þáttinn. Þannig að við gerðum nákvæmlega það sem við vildum. Og við lentum í alls konar veseni. Og við fengum fullt af alls konar kvörtunum.“

Sveppi segir að þetta hafi verið rúmlega 1.000 þættir af einhverri þvælu.

„Svo hættum við í 70 mínútum og fórum í Strákana; með svipuðu sniði, aðeins meira „budget“. En það er eitthvað svo sjarmerandi við þetta tímabil. Þetta var svo mikill skóli fyrir okkur strákana. Simmi og Jói fóru svo út úr þessu. Þeir fóru í Idol-ið þegar það var að byrja. Þá kom Auddi og þá óx þetta og dafnaði dálítið hratt.“

Þarna kynntust Sveppi og Auddi og urðu samstarfsfélagar og vinir.

„Við erum búnir að gera mjög mikið saman.“

Sveppi er spurður hvort hann sjái eftir einhverju sem hann gerði á þessum tíma.

„Jú.“

Hverju sérðu mest eftir?

„Eins og staðan er í dag; það eru breyttir tímar. Og það eru komin alls konar forrit eins og TikTok. Þar er verið að sýna alls konar gamlar klippur úr íslensku efni og ég sé að það er oft fullt af einhverju dóti með mér, Pétri og Audda. Og ég er alltaf með í maganum yfir þessu; að það komi eitthvert atriði sem ég sé eftir. Eins og til dæmis þegar við vorum með íssmakk í menntaskólum. Þá fórum við með fullt af hlunkum og bundum fyrir augun á fólki, aðallega stelpum, og vorum að láta það smakka ís. Svo stungum við dildó upp í þær; gervitittlingi sem þú kaupir í klámverslun. Þá vorum við með eitt gervityppi og vorum að stinga upp í alla og allir með bundið fyrir augun. Og þetta fannst okkur ógeðslega fyndið.“

En þetta finnst þér ekki vera fyndið í dag?

„Nei.

Svo var einhvern tímann falin myndavél og þá var ég með strap-on niðri í bæ og var í frakka og var að flassa. Ef þetta kæmi í dagsljósið í dag; Jesús minn almáttugur. Það væri hræðilegt. Þetta vorum við að gera og fannst fyndið. Og reyndar finnst mér þetta alveg fyndið enn þá.“

Allsber á Laugavegi

Þú ert stjarna sem gerir út á börn með myndirnar þínar og þá þarftu náttúrlega að passa upp á að fortíðin sé ekki að banka upp á hjá þér með einhverjum gervityppum.

„Já, það er bara tímaspursmál hvenær það gerist.

Ég man þegar ég byrjaði með barnatímann á Stöð 2. Þá vorum við Auddi með þátt sem hét bara Auddi og Sveppi. Við vorum á hverjum föstudegi í hálftíma og máttum bara gera það sem við vildum. Það var oft dálítið kvartað yfir því að ég væri á föstudögum; í eitt skiptið hljóp ég

allsber niður Laugaveginn. Mér fannst það æðislegt. Og svo daginn eftir var ég með barnaþátt í Stöð 2. Fólki fannst þetta ekki alveg passa; að þetta væri sami gæinn. En ég nennti ekki að pæla í því. Þetta var bara svona.“

Hvernig datt þér í hug að hlaupa allsber niður Laugaveginn?

„Það var einhver áskorun. Við vorum rosa mikið í áskorunum; alltaf að skora á hver annan að gera eitthvað út í hött. Og bara hvað sem var. „Basically“ bara það sem okkur fannst fyndið. Þetta var áskorun sem ég tók; hljóp allsber. Það er æðislegt að hlaupa allsber í margmenni.“

Hvernig voru viðbrögðin?

„Fólk hefur gaman af því að sjá einhvern karl.“

Flestir þekktu þig. Svo voru einhverjir túristar sem sáu eitthvað krullað fyrirbæri nakið á harðahlaupum.

„Ógeðslega gaman. Þetta er það sem þau muna. Þetta er bara Gullfoss og Geysir og allsberi kallinn á Laugavegi.“

Þetta hefur verið áhugavert.

„Þetta var mjög skemmtilegur tími. Það blundar enn þá í mér svona fíflaskapur. Ég hef oft hugsað, þegar ég er að keyra bílinn og sé eitthvað, „djöfull væri fyndið að stökkva út og hlaupa allsber í gegn““.

Þú ert svolítið búttaður. Hefur aldrei verið viðkvæmt fyrir þig að sýna það?

„Hvernig ég er vaxinn?“

Nekt þína.

„Það er dálítið fyndið. Það eiginlega hentaði betur, af því að ef þú ert svona asnalegur, svona lítill og kubbslegur, þá er allt í lagi. Þá er maður svo góðlegur. Ef ég er ber að ofan þá finnst öllum það bara fyndið og krúttlegt, en þegar Auddi var ber að ofan þá fannst öllum hann vera að monta sig. Ef ég væri með „sixpack“ og ógeðslega vöðvastæltur og væri alltaf að fíflast eitthvað ber að ofan niðri í bæ þá væru allir „voðalega hefur hann mikla þörf fyrir að sýna vöðvana sína“. En ef því að ég er svona asnalegur þá er þetta miklu fyndnara. Það sama með Pétur.“

Þá fer þetta að snúast um kjark.

„Já, akkúrat.“

Hefur þú einhvern tímann farið í megrun?

„Já, ég fór einu sinni í megrun. Það var geggjað. Ég talaði við Ívar Guðmunds og fór í einkaþjálfun hjá honum og hann sagði „ef þú vilt starta þessu almennilega, og ég skal fara með þér, þá tökum við laxakúrinn“. Laxakúrinn? Hvernig virkar hann? *„Hann virkar þannig að þú borðar hafragraut á morgnana, eina skál, með smápróteini út í. Svo borðar þú lax allan daginn. 80 grömm fimm sinnum á dag. Og svo drekkur þú bara vatn.“ Og ég gerði þetta í viku og ég missti sex kíló á viku, enda var ég líka sofnaður klukkan 10 á kvöldin, dauðþreyttur af því að mig vantaði pítsuna mína eða eitthvað. En þetta var rosalega gott start.“*

> *Það er líka geggjað að hlusta á einhvern sem er pirraður á manni*

Sveppi segir að svo hafi allt komið aftur þegar hann hætti þessu. „Ég nenni ekki í megrun. Það er engin töfralausn á þessu.“

Þetta er bara spurning um að borða minna.

„Svo er þetta svo ótrúlega einfalt. Það er talað um þetta á hverjum einasta degi í alls konar fjölmiðlum og blöðum og „heilsupodcasti“ og allt þetta djöfulsins kjaftæði, þegar samt allir vita nákvæmlega hvað þarf til að léttast.

Borðaðu bara minna og hlauptu meira.“

Þrjú börn og kona

Sveppi er opinber persóna og gera má ráð fyrir að allir fimm ára og eldri hér á landi þekki hann. Er það truflandi eða er hann bara glaður og sáttur hvað það varðar?

„Þetta er kannski meira truflandi fyrir fjölskyldu mína. Mér er alveg sama. Skaðinn er skeður svolítið hjá mér. Og ég er meðvitaður um og ég veit alveg að það þekkja mig allir úti á götu. Stundum er ég stoppaður og stundum er mikið áreiti. Stundum er lítið. Það fer dálítið eftir verkefnum. Ef ég er að leika í Sveppabíómynd eða eitthvað sem við gerðum á nokkrum árum þá var rosalega mikið áreiti. Svo dalar þetta aðeins. Svo gerðum við leynilöggubíómyndina og þá var aðeins meira áreiti. En maður er rosalega meðvitaður; það vita allir hver maður er.“

Þú ert ekkert að lenda í áreiti?

„Þetta er yfirleitt jákvætt. Eina sem fólk segir er „þú varst geggjaður í þessu“ eða „vá, maður, ég var að hlusta á þetta og það var ógeðslega fyndið“. Það er yfirleitt verið að hrósa manni fyrir eitthvað sem maður hefur gert. Sumir eru „mér fannst þetta ekkert sniðugt sem þið voruð að gera, vitleysingarnir“. Það kemur alltaf líka og það er æðislegt. Það er líka geggjað að hlusta á einhvern sem er pirraður á manni.“

Sveppi segir að það sé aðallega þegar hann er veislustjóri og í lokuðum samkvæmum sem hann fer kannski yfir strikið.

Hefur það engar afleiðingar?

„Nei, ekkert þannig. Bara smákvartanir.

Ég veit að konan mín getur stundum orðið dálítið þreytt á þessu. Ég er kannski að reyna að pakka saman tjaldi og svo er ég allt í einu kominn í selfímyndatöku hjá einhverjum krökkum og við erum að fara að gera eitthvað og hún alltaf að bíða eftir mér. Svo er ég svo jákvæður; ég nenni ekki að segja við neinn „nennið þið að láta mig í friði; ég er með fjölskyldunni minni““.

Ímyndin er ekki beint þannig að þú sért fjölskyldumaður.

„Ég á þrjú börn og konu.“

Hvernig fjölskyldumaður ertu? Ertu alltaf glaður eða áttu þínar dimmari stundir?

„Já, já.“

Þú ert eins og við hin.

„Já. Það er til dæmis það sem börnin mín eru spurð að. Dóttir mín er 19 ára og eldri sonur minn er 15 ára. „Hvernig er að eiga pabba sem er Sveppi?“ Það er fáránleg tilhugsun. Og ég skil pælinguna. Þetta er eins og pabbi þinn væri Andrés önd eða eitthvað. Þetta er einhver karakter. Einhver týpa sem erfitt er að leggja fingurinn á. En þau segja alltaf það sama, „Hann er ótrúlega venjulegur kall heima; hann er að pirrast yfir því að það sé ekki búið að ganga frá skónum í anddyrinu og hann er að segja okkur að hengja upp úlpurnar og „af hverju þrífur enginn kattasandinn?““. Og ég get alveg verið önugur þegar yngri sonur minn, 10 ára, kemur með alla vini sína heim til okkar og ég er kannski að vinna í tölvunni og segi þeim að hunskast út.“

BRANDSON

HAFÐU ÞAÐ ÞÆGILEGT
Í HILDR BRALETTE

SKOÐA MEÐ
SÍMA MYNDAVÉL

BRANDSON.IS

Það er stílbrot á Sveppa.

„Já, svolítið.“

Eitt og eitt drama

Sjónvarpsþættirnir Verbúðin berast í tal, en Sveppi lék í þeim. Hann segir að það hafi verið dásamlegt að vinna að því verkefni.

Það var enginn húmor í þessum gaur sem hann lék.

„Nei, mér fannst það og er búinn að heyra mikið um það að fólki fannst þetta skemmtilegt. Og gaman að sjá mig í þessu hlutverki. Einhverju öðru. Hann var vissulega „comic relief“-gæi í Verbúðinni í heild sinni þessi gæi, svona þannig séð, en þetta var góð týpa. Og þetta var í fyrsta skipti sem ég lék einhverja týpu sem er ekki að reyna að vera fyndinn.“

Hvað er fram undan?

„Það er alltaf happa og glappa hvað er að gerast. Ég er voðalega mikið í leikhúsinu núna. Ég hef verið að leika í Kardimommubænum og er að leika í leikriti sem heitir Prinsinn, í Þjóðleikhúsinu, sem verður sýnt í haust og er kominn svolítið með annan fótinn þangað.“

Er það gamanleikrit?

„Nei, ekkert endilega. Það dettur inn eitt og eitt drama. Og fólk segir að ég sé ágætur í því. Mér finnst alltaf jafn asnalegt að leika drama þannig séð. Svo gerir maður bara það sem leikstjórinn segir og þá verður allt í lagi. Ef hann er ánægður, þá er þetta bara fínt.“

Ert þú lausráðinn hjá Þjóðleikhúsinu?

„Ég held að ég sé nú fastráðinn. Ég var lausráðinn, en svo gerði ég einhvern annan samning. Ég skil þetta ekki alveg. Ég fæ allavega laun um mánaðamótin. Það er það eina sem þetta snýst um. Þá er maður sáttur. Það er voða gaman; ég er með annan fótinn inni í Þjóðleikhúsi. Og svo eru alltaf einhverjar þreifingar varðandi sjónvarpsþætti. Ég og Pétur erum með „podcast““, segir Sveppi, sem segist einnig flytja inn rauðvín. „Ég er í alls konar.“

Hvernig gengur með vínið?

„Það gengur fínt. Af því að markmið fyrirtækisins er svo einfalt. Það er bara að fjármagna eigin neyslu. Það er það eina sem við þurfum. Og á meðan það gengur, þá gengur vel.“

Þið eruð ekki með neina stórveldisdrauma um að leggja undir ykkur rauðsvínsmarkaðinn á Íslandi?

„Nei, við erum ekki með þá drauma. Þetta er aðallega stemmingin. Þetta er hobbí.“

Sveppi er spurður hvar hann sjái sig eftir 10 ár.

„Mig langar til að flytja aftur til útlanda. Ég bjó í útlöndum í eitt ár, árið 2015. Konan mín fór í doktorsnám til Santa Barbara og við drösluðum öllu settinu með.“

Þú sérð ekki fyrir þér að verða gamalmenni á Spáni?

„Ekki á Spáni. Það er svo mikið af gamalmennum á Spáni.“



ÍSLENSKI BARINN
EST. 2009
THE ICELANDIC BAR
VÍKING
Léttöl
Ingólfsstræti 1a, 101 Reykjavík
+354 5176767 íslenskibarinn
Sjáumst létt í lund, á gleðistund!



Helgarpistillinn

Lára Garðarsdóttir



Mikið er hrútfúlt að lifa á sögulegum tímum!

Í lok árs 2019 kynntumst við öll og tömdum okkur breyttar venjur vegna heimsfaraldurs. Við hættum að takast í hendur, gættum að handþvotti, settum á okkur grímur og drógum okkur í skel.

Núna þremur árum síðan kynnumst við verðbólgu – jafnmyndarlegri og útþanin unglingabóla á nefi.

Flest okkar finna fyrir verðhækkunum. Húsnæðisverð og -leiga hefur hækkað. Matarkostnaðurinn margfaldaður. Bensínlítrinn dýrari – og launaseðillinn einhvern veginn rýrari.

Helvítis-fokking-fokk!

Hvernig getur verið að við séum komin hingað aftur? Óttablandinn kvíðahnútur yfir verðbólguframhaldinu.

Alla jafna er besta ráðið við kvíða þekking. Ofur einföldun á verðbólgu er þensla og besta ráðið við hækkunum er að draga saman seglin. Sumu fáum við ekki breytt og er óumflýjanlegt eins og stríð, hækkun hráolíuverðs og hækkun stýrivaxta. Við getum þó alltaf litið inn á við og aðlagað hjá okkur sjálfum. Fjárhagur okkar er mismunandi og aðstæður ólíkar, en öll getum við breytt … einhverju.

Spólum 14 ár aftur í tímann og rifjum upp hrunið. Hvar varstu þá? Hvað lærðir þú af þeim tíma?

Sjálf vann ég í húsnæði við Austurvöll. Hávaðinn yfirgnæfði allt og einbeitingin fékk að finna fyrir því. Ég var nýútskrifuð og í mínu fyrsta faglega starfi. Átti ekkert nema myndarlegt námslán og hund – og hafði aldrei haft jafnháar ráðstöfunartekjur. Í „retrospect" var ég ein af þeim heppnu.

Ég breytti engu ég lifði áfram eins og námsmaður, tók nesti í vinnuna, var bíllaus, verslaði í lágvöruverslunum og eldaði heima á kvöldin.

Í dag er ég hvergi nærri því að geta dregið saman seglin eins og þá og lifað algerlega eins og námsmaður, en að hugsa um neysluna eins og námsmaður er þarft að gera – má vel temja sér.

Neyslumeðvitundina þarf að virkja.

Kaupir þú þér kaffi á hverjum degi? Hversu oft í viku ferðu út að borða? Hversu oft kaupir þú föt? Ferð í frí til útlanda? Hversu oft fyllir þú tankinn á bílnum? Eru einhverjar áskriftir sem þú mættir/gætir sagt upp?

Ef þú spyrð þig tveggja spurninga í hvert skipti sem þú dregur fram kortið ertu komin/n/ð vel á veg.

Þarf ég þetta?
Gæti ég fengið þetta ódýrara annars staðar?
Draga má töluvert úr útgjöldum t.d. með því að fá tilboð frá nokkrum tryggingafélögum og velja þær hagkvæmustu. Setja reglu að kaupa bara „ný" föt sem voru notuð (kannski að undanskildum t.d. sokkum og nærfötum), sleppa óþarfa rúntum á bílnum, vera meðvitaður um rafmagns- og hitanotkun, gera vikumatseðill, velja lágvöruverslanir, skoða áskriftirnar sínar, fá beingreiðslusamninga og svo framvegis og svo framvegis.

Annað sem vert er að hafa í huga, ef möguleiki er á, og það er að nýta verðbólgutímabilið til að greiða niður skuldir. Höfuðstóll verðtryggðra lána er fljótur að hækka og sömuleiðis vextir og afborganir óverðtryggðra lána. Einn sá mesti og besti sparnaður getur því verið fólgin í að greiða niður eða inn á lánin sín.

Rétt eins og Covid kenndi okkur – þá getur þetta verið hrútfúlt, en ef við vöndum okkur, gerum þetta vel og erum meðvituð saman, þá verður allt, allt í lagi. Verðbólga er eins og veðrið - eitthvað sem við Íslendingar erum með ansi haldbæra reynslu í að klæða okkur samkvæmt. - Eins og gullfallegur texti Braga Valdimars og lagið segir:

„Það styttir alltaf upp, alltaf birtir til, framtíðin mun falla þér í vil."



Lífsreynslusagan



Rándýrt sumarfrí

Ég byrjaði sumarfríið á að bóka tíma í klippingu og litun (23.500 kr.). Skál (1.100 kr.)! „Ji – hvað ég hlakka til að komast út!"

Ég tíndi fram sólarvörnina (6.732 kr.) og glænýja bikiníið (20.990 kr.) og henti því í ferðatöskuna (27.799 kr.).

„Haha – þá er ég með allt það mikilvægasta." Ég bókaði ferðina (135.000 kr.) spontant með stelpunum. „Nei, djók ég má ekki gleyma passanum."

Við brunuðum af stað og fundum loksins stæði (15.610 kr.) Ég dýrka Fríhöfnina (35.688 kr.) og eftir örskamma stund vorum við vinkonurnar sestar á barinn (3.580 kr.) – látum samfélagsmiðlana vita.

Síðastliðin ár hef ég ekki verið ánægð í vinnunni minni (440.487 kr.), hún er alveg fín, en það vantar bara eitthvað. Mér finnst ég aldrei hafa neinn tíma og finnst ég alltaf vera að missa af einhverju. Þess vegna er svo geggjað að vera komin í gott frí.

„Ég er komin í frí, ég er komin í frí, ég er komin í frí – ég má fá mér hamborgara og annan bjór (3.240 kr.)."

Ú, þessi 400 grömm af Lindor-kúlum eru mín (2.399 kr).

Við vorum sestar út í vél og við ákváðum að verðlauna okkur fyrir að hafa þolað lengstu röð í heimi. Smá bubblur og hnetur til að maula (1.800 kr) – ég var samt enn þá södd. „En kommon, ég er í fríi!"

Flugið var ágætt, ég sat við ganginn og ég var ekki lengi að koma auga á sjúklega sexí hnakka á manni sem ég reyndi lengi að ná augnsambandi við. Það var alveg sama hversu hátt ég reyndi að hlæja eða hversu oft ég gerði mér ferð á klósettið. Gaurinn sá mig ekki.
Pfft – dick.

Ég er ekki frá því að ég hafi fengið nett spennufall, því eftir þriðja glasið af bubblum (2.600 kr.) og geggjað hálsmen (15.600 kr.) lognaðist ég út af. Mig dreymdi fáránlegan draum. Jafnmikið og ég þoli ekki að heyra um drauma annarra að þá verð ég að segja ykkur frá þessum.

Ég var á krossgötum: Mér stóð annars vegar til boða gull og grænir skógar og að líða aldrei efnislegan skort, en eiga lítið af tíma, og hins vegar stóð mér til boða að fá tíma – tíma og ráðrúm sem ég gæti ráðstafað eins og mér einni hentaði, en minna af fjármunum.

„Dömur mínar og herrar, velkomin til …" Ég vaknaði ringluð, vönkuð – og já, kannski ögn ryðguð við ávarp flugstjórans. „Rugl draumur, ég ætla að drífa mig að sækja handfarangurinn minn áður en allir standa upp." Ég vildi ólm drífa mig út úr þessari sardínudós – ég var að skrælna í munninum. Ég tætti í mig röðina þrátt fyrir illt augnaráð flugfreyjunnar. „Hún er pottþétt bara afbrýðisöm."

Ég varð að fá mér vatn og tyggjó (730 kr.). Það gekk að mestu áfallalaust að finna töskufæribandið, en eftir 45 mínútur var ekki von á fleiri töskum – og ekkert bólaði á töskunni minni. Vonbrigði ferðarinnar voru klárlega mætt. „Fokk, hvað geri ég núna. Allt stöffið mitt." Vinkona mín hughreysti mig og sagði mér að nú gæti ég réttlætt að kaupa mér allt nýtt. Vúhú!

Þegar við vorum komnar upp á hótel tékkaði ég á heimabankanum mínum (144.119 kr.). Andskotinn, ég gleymdi að borga leiguna (170.000 kr.). (-25.881 kr.) Ég gramsaði í veskinu mínu og fann kreditkortið mitt.

„Jæja, núna má fjandans fríið byrja, fyrir mér."

11 mánuðum seinna kláraði ég að greiða upp yfirdráttinn. Það er kannski óþarfi að nefna það, en ég ætla að ferðast innan borgarmarkanna í ár.





Garðurinn

Svava Jónsdóttir



Greta Salóme

- Garðhönnun upp á 10!

Greta Salóme Stefánsdóttir og Elvar Þór Karlsson, viðskiptafræðingur hjá Íslandsbanka, festu í fyrra kaup á fokheldu stílhreinu einbýlishúsi í Mosfellsbæ og í dag einkennir einföld og stílhrein hönnun húsið innanhúss. Segja má að lóðin sé enn eitt moldarflag en það breytist á næstunni þegar farið verður að vinna við lóðina. Tengdamóðir Gretu Salóme, Matthildur Elín Björnsdóttir, er nemandi við Garðyrkjuskóla ríkisins og lokaverkefni hennar í garðhönnun var hönnun garðs þeirra Gretu Salóme og Elvars. Einkunn? 10,0. Við hönnun garðsins var lögð áhersla á að hafa hann í stíl við húsið: Einfaldan og stílhreinan.

„Garðurinn er mjög stór og það er svolítið skemmtilegt við hann að það liggur ekkert hús að honum; húsið stendur svolítið eitt og sér þannig að það er mikið rými í kringum húsið sem hægt er að leika sér mikið með," segir Greta Salóme.

„Við viljum hafa hlutina einfalda og stílhreina og ég er mjög ákveðin í að ég vil hafa hlutina viðhaldslitla eða viðhaldsfría; helst viðhaldsfría. Sem dæmi er húsið lerkiklætt en lerki gránar með árunum þannig að það þarf aldrei að bera á það og það þarf ekki að mála, þannig að húsið sjálft er viðhaldslítið. Ég er ekki með jafngræna fingur og maðurinn minn og tengdamóðir og einnig foreldrar mínir, þannig að ef ég mætti ráða þá myndi ég láta steypa allan garðinn. En ég bý ekki ein, þannig að við erum að reyna að finna einhverja millilendingu. Við verðum með gott pláss sem verður pallalagt eða steypt en verðum svo með viðhaldslítinn gróður á milli."

Greta Salóme talaði um steypu. Þess má geta að þau ætla að láta steypa allt svæðið fyrir framan húsið. „Það er svo oft fólk í heimsókn hjá okkur og við viljum hafa nóg pláss fyrir bíla."

Gengið er út úr eldhúsinu í hásuður og þar fyrir utan verður pallur lagður flísum og þar verður grillið: Flísapallur með útieldhúsi.

Gólfsíðir gluggar eru í stofunni. Þar fyrir utan verður niðurgrafinn pallur og síðan stór grasflöt. Þar verður líka lögð áhersla á fallega lýsingu.

Norðvestanmegin við húsið er hugmyndin að vera með um 70 fermetra pall með heitum og köldum pottum sem og gufubaði.

Greta Salóme vill hafa stílhreint og lítið af gróðri

Greta Salóme kýs stílhreint útlit þegar kemur að garðinum og hún vill hafa fáar plöntur. Hún er þó með ákveðnar trjátegundir í huga.

„Ég er svo hrifin af súlublæöspum. Mér finnst þær vera svo fallegar en þetta eru mjóar, langar aspir og ætlum við að hafa það í skoti hjá innganginum með fjórum slíkum trjám." Hvað með tré í garðinn? Greta Salóme segir að hugmyndin sé að gróðursetja þar tvö tré. Helst kirsuberjatré.

Garðurinn verður viðhaldslítill og segir Greta Salóme að það skipti hana máli að hann verði griðastaður en ekki íþyngjandi og að hann sé hannaður með lífsstíl þeirra Elvars í huga. „Ég lifi þannig lífi að ég er aldrei lengi á sama staðnum í einu; ég fer mikið til útlanda eða norður til að spila eða ég er að hlaupa í verkefni hér og þar."







FAGLIST

ALLT ALMENNT
HÚSAVIÐHALD
OG JARÐVINNA

Smíðavinna • Múrvinna • Málningarvinna
Drenlagnir • Hellulagnir

www.faglist.is

Svalirnar uppáhalds sumarleyfisdvalarstaðurinn

Eiður Rafn Gunnarsson vakti athygli á dögunum fyrir upplýsandi skrif um kvíða sinn og baráttuna við hann. Eiður sannar að jafnvel kjarkmestu menn geta þurft að berjast við kvíða og hafa margir þakkað honum fyrir skrifin. Okkur lék forvitni á að vita meira um þennan lífsleikna fjármálasérfræðing svo við settum hann undir stækkunarglerið.



Fjölskylduhagir?
Í sambandi með Anamaríu Salomé Angélicu Palma Rocha (já, hún er með 5 nöfn) og saman eigum við 6 mánaða kettling að nafni Dior Powell.

Menntun/atvinna?
Með BA-gráðu í lögfræði með viðskiptafræði sem aukagrein og ML-gráðu í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík, ásamt prófi í verðbréfaviðskiptum. Starfa sem sérfræðingur í eignastýringu.

Uppáhaldssjónvarpsefni?
The Wire, Succession, The Sopranos – í þeirri röð.

Leikari?
Bandarískt Birgir Leifur, Ryan Gosling.

Rithöfundur?
Hljómar sennilega fáránlega fyrir bókaormana þarna úti, en ég hef mjög gaman af skrifum Baracks Obama. Þrátt fyrir að ég sé ekki alltaf sammála pólitíkinni hans, þá finnst mér hann koma hlutum svo ótrúlega vel frá sér. Hann er mikil fyrirmynd.

Bók eða bíó?
Bíó .

Besti matur?
Kynntist frekar nýlega Milanese á La Primavera, veit ekki einu sinni hvað það er, en ég elska það.

Kók eða pepsí?
Pepsí max.

Fallegasti staðurinn?
Ég ferðast mjög lítið en mér finnst svalirnar mínar mjög fallegar, ég setti gervigras á þær og við Dior Powell veiðum oft flugur saman þar eftir vinnu.

Hvað er skemmtilegt?
Golf með vinum.

Hvað er leiðinlegt?
Love Island.

Hvaða flokkur?
Ég tjái mig helst ekki um pólitík opinberlega.

Hvaða skemmtistaður?
Ég er næstum alveg hættur að fara á skemmtistaði, en fannst oftast gaman á prikinu þegar ég var að taka djammtímabilið.

Kostir?
Ég vil meina að ég sé hreinskilinn, sem getur samt alveg verið ókostur líka.

Lestir?
Hef alltaf verið léttur „bezzerwizzer“, er að vinna í að hætta því, enda ömurlegur í bezzerwizzer-spilinu.

Hver er fyndinn?
Ryan Gosling, ég er mikill aðdáandi Ryans Gosling.

Hver er leiðinlegur?
Leikari: Jared Leto.
Söngvari: Khalid.

Trúir þú að draugar séu til?
Nei.

Stærsta augnablikið?
Ég toppaði snemma, vann minn riðil í upphífingum í skólahreysti „back in the day“ og þetta hefur verið brekka síðan.

Mestu vonbrigðin?
Kevin Spacey, var mikill aðdáandi House of Cards.

Hver er draumurinn?
Hætta í fjármálageiranum 50-60 ára með nokkra „yarda“ á bakinu og vinna við umsjón á golfgrínum meðan líkaminn leyfi

Mesta afrek sem þú hefur unnið á þessu ári?
Er með viðskiptareikning úti sem ég nota aðallega í áhættusöm afleiðuviðskipti. Hann fór úr milljón í sirka fjórtán á nokkrum mánuðum og ég náði svo að strauja hann á innan við 10 viðskiptadögum.

Ertu búin að ná öllum þínum markmiðum?
Já, eins og er allavega, þarf að fara að setja mér ný markmið, skyrturnar eru orðnar frekar þröngar ég fer örugglega í það næst.

Manstu eftir einhverjum brandara?
Nei, ekki eins og er.

Vandræðalegasta augnablikið?
Dettur nokkur í hug, ekkert sem færi á netið samt.

Sorglegasta stundin?
Hljómar kannski fáranlega af því ég var 23 ára, en skilnaður mömmu og pabba tók á.

Mesta gleðin?
Sennilega að ganga út úr Háskólanum í Reykjavík eftir síðasta „sessionið“ á bókasafninu við að fínpússa ML-ritgerðina. Hún var meira vesen en ég hélt að hún yrði, en ég var virkilega stoltur af henni í lokin.

Mikilvægast í lífinu?
Eins „cheesy“ og það hljómar þá held ég að það sé bara að hafa jákvæð áhrif á heiminn á meðan maður er hérna, sama hversu stór áhrif það eru. Það þarf ekki að vera neitt klikkað, bara taka upp meira rusl en þú hentir í gamla daga eða gera fleiri glaða en þú gerðir sorgmædda.



Síðast, en ekki síst

Kolbeinn Þorsteinsson



Þras á þingi

Nú þegar þingheimur er kominn í sumarfrí, er vert að velta fyrir sér stöðu stjórnmála á Íslandi og frammistöðu þeirra sem þann flokk fylla.

Eitt finnst mér hafa einkennt íslensk stjórnmál hin síðari misseri. Engu líkara er en takmarkaður tími sé til að gera eitthvað af viti í þeim ranni. Í stað þess að tími þingmanna fari í að reifa þau málefni sem brýnt er að koma í betra horf, eru menni baki brotnu að níða skóinn hver af öðrum. Vissulega er þar ákveðið leikrit í gangi, enda eru öll dýrin í þeim skógi vinir og sátt við þægilega innivinnu á launum sem þau hafa sjálf ákveðið. Þegar eftirspurn eftir „starfskröftum“ þeirra er að engu orðin geta þau verið viss um að fá úthlutað öðru þægilegu innidjobbi, því enginn sjálfstæður atvinnurekandi með viti myndi nokkurn tíma ráða þau í vinnu. Svo bíður þeirra feitur eftirlaunatékki þegar húmar að kveldi hjá þeim.

En aftur að þrefinu sem boðið er upp á í Alþingisleikhúsinu, dýrasta leikhúsi landsins. Maður sér fyrir sér þegar þingliðar klappa hver öðrum á bakið í lok „vinnu“dags og útdeila hrósi fyrir sannfærandi frammistöðu á sviðinu; nánast hefði verið hægt að trúa að rætin orð sem látin voru falla hefðu komið frá innstu hjartarótum.

Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að borið sé í bakkafullan lækinn að vera með 63 þingmenn og allan þann her aðstoðarmanna sem fylgir, með tilheyrandi kostnaði og takmörkuðum ávinningi þegar upp er staðið. Fjölmennir fundir eru þekktir fyrir að skila litlu og mun líklegra er að einhver niðurstaða fáist þar sem fáir þrefa eða reifa málin.

Vænlegra væri til árangurs, og fjárhagslega hagkvæmt fyrir þjóðina, að hver flokkur hefði einn fulltrúa á þingi. Vissulega væri erfitt að gera gott drama úr slíkum fundum, en þeim mun líklegra að vitræn niðurstaða næðist. Fulltrúarnir gætu síðan kynnt baklandi sínu niðurstöðurnar heima í stofu, þær yrðu ræddar og enginn tími færi í að þykjast vera í nöp við „andstæðingana“ – svona fyrir myndavélarnar. Óþarfi er að taka fram að baklandið væri ekki á spena hjá almenningi, ég geri það nú samt.

Sem dæmi um vitleysuna sem vellur upp úr þessu liði, sem er í vinnu hjá skattgreiðendum, má nefna vísdómskorn sem hraut af vörum menningar- og viðskiptaráðherra fyrir um mánuði. Þá sagði hún að stytting vinnuvikunnar og langt sumarfrí ýtti undir verðbólgu – að þeim orðum sögðum fór hún í sitt þriggja mánaða sumarfrí.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
www.utforin.is ◆ Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað


Sverrir Einarsson
S: 896 8242


Jóhanna Eiríksdóttir


Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is ◆ Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS

GLÓANDI HÚÐ
MEÐ ICEHERBS




Ægisgardur
ALLT FYRIR VEISLUNA
Frábær veislusalur fyrir öll tækifæri
úti á Granda, staðsettur inn í
íslensku handverksbrugghúsi.
info@aegisgardur.is